

ÁRAMÓTAHEIT ÚR ÖLLUM ÁTTUM ▸52



Jóhanna Guðrún

TEKUR HUNDANA MEÐ Í GAMLÁRSPARTÍ ▸66







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
**31. desember 2013**
306. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012





# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

**Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári.**



Ingibjörg Sólrún

**NÝTT STARF OG NÝTT HEIMILI** ▸42



Þröstur Leó

**ÚR LEIKHÚSI Í LAX** ▸2



Fréttamyndaannáll 2013

**STJÓRNARSKIPTI OG SKOTBARDAGI** ▸28

**1 SÉRBLAÐ**

Fólk





LYFJA
– Lifið heil

Gleðilegt nýtt ár

Við höfum
opið um áramótin

Opið gamlársdag:
kl. 8–18 í Lágmúla
kl. 8–18 á Smáratorgi

Opið nýársdag:
kl. 10–1 í Lágmúla
kl. 9–24 á Smáratorgi

www.lyfja.is



## SPURNING DAGSINS



Elín, passa Íslendingar ekki nógu vel upp á passana sína?

**Það passar.**

Elín Inga Arnþórsdóttir, deildarstjóri hjá Þjóðskrá Íslands, segir Íslendinga hafa glatað yfir átta þúsundum vegabréfa á tæpum fjórum árum.

Áætlun Orkuveitu Reykjavíkur um stækkun iðnaðarsvæðis mætir andstöðu í umhverfisnefnd Ölfuss:

# Óttast rýrnun ósnortins lands í Hverahlíð

**UMHVERFISMÁL** „Kallað er eftir að staldrað sé við og gerð heildstæð áætlun um nýtingu þessa svæðis," segir skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss um ósk Orkuveitu Reykjavíkur um stækkun iðnaðarsvæðis í Hverahlíð.

Samkvæmt áætlun Orkuveitunnar á að gera iðnaðarsvæði á Norðurhálsum og stækka þannig iðnaðarsvæðið við Hverahlíð. Leggja á nýjan veg frá Hverahlíð upp á Norðurhálsa.

Athugasemdir um að ekki verði leyft að stækka iðnaðarsvæðið komu fram á opnum fundi þar sem skipulagslýsingin var kynnt. „Norðurhálsar væru ósnortið víðerni sem varðveita eigi og muni raskið þar sjást frá

➜ OR vill meðal annars leggja nýjan veg frá Hverahlíð upp á Norðurhálsa.

þjóðvegi númer 1 yfir Hellisheiðina. Svæðið væri til útivistar og væri Skálafellið fjalladrottning Ölfuss með stórkostlegu útsýni og þar við væri einnig Trölladalurinn með merkum minjum úr náttúrusögu svæðisins sem muni rýrna við að taka svæðið undir iðnað," segir í fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss sem afgreiddi málið til Skipulagsstofnunar með þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust. - gar



**HELLISHEIÐI** Svæðið er til útivistar, segja gagnrýnendur áforma um gerð vegar upp á Norðurhálsa. MYND/ORKUVEITA REYKJAVÍKUR



**SANNKALLAÐUR RISASKJÁR** Á þessari mynd frá Samsung stilla fyrirsætur sér upp við nýtt 110 tommu UHD TV risasjónvarp fyrirtækisins, sem Samsung segir að sé með fjórum sinnum meiri upplausn en hefðbundin háskerpusjónvörp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðmiðinn er sem svarar litlum 17,4 milljónum króna:

## 110 tommur með ofurupplausn

**S-KÓREA, AP Í Suður-Kóreu er að hefjast sala á sjónvarpstæki frá Samsung sem á að kosta sem svarar 17,4 milljónum króna (150 þúsund dollurum). Í tilkynningu raftækjarisans í gær segir að tækið sé með 110 tommu skjá og upplausn sem sé fjórum sinnum meiri en í hefðbundnum tækjum með háskerpu (HD-tækjum).**

**Tækið er sagt til vitnis um nýja stefnu Samsung með áherslu á ofur-HD-sjónvarpstæki. Framleiðsla stórra sjónvarpa með OLED-tækni (sjálflýsandi díóðum) er sögð hafa verið of kostnaðarsöm.** - óká

Banaslys á Hellisheiði:

## Lét lífið eftir árekstur

**SLYS** Konan sem slasaðist alvarlega í árekstri tveggja bíla á Hellisheiði á sunnudaginn er látin. Hún hét Dagný Ösp Runólfsdóttir og var fædd árið 1992. Hún var ógift og barnlaus.

Dagný var ein á ferð í bíl sem ekið var vestur Suðurlandsveg. Bifreiðin rakst á aðra bifreið sem ekið var í gagnstæða átt. Í þeim bíl voru móðir og tvö börn hennar, tveggja og átta ára. Annað barnið var á gjörgæslu um tíma en hefur nú verið flutt á almenna deild. Meiðsl hinna eru minniháttar. - ebg

Ný gjaldskrá RARIK:

## Verðið hækkar í dreifbýli

**NEYTENDUR** Ný gjaldskrá RARIK yfir dreifingu og flutning raforku mun taka gildi um áramótin.

Samkvæmt henni mun verðið hækka að meðaltali um rúm tvö prósent. Þó er engin hækkun fyrir almenna notkun í þéttbýli, en í dreifbýli er hækkun um 4,5 prósent að jafnaði.

Á vef RARIK kemur fram að þörf sé á frekari hækkun í dreifbýli, en búið sé að fresta hluta hækkunar vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. - skó

# Þröstur fer vestur úr leikhúsinu í laxeldi

Þröstur Leó Gunnarsson hættir hjá Borgarleikhúsinu í vor. Hann ætlar að flytja á æskuslóðir sínar á Bíldudal þar sem hann mun starfa hjá nýju laxeldisfyrirtæki Matthíasar Garðarssonar. Leikaranum finnst gott að kúpla sig út á tíu ára fresti.

**FISKELDI** Leikarinn Þröstur Leó Gunnarsson hættir störfum í Borgarleikhúsinu í vor og flytur á æskuslóðir sínar á Bíldudal. Þar ætlar hann að starfa hjá Arnarlaxi, nýstofnuðu laxeldisfyrirtæki Matthíasar Garðarssonar.

> **Það er ógeðslega gaman að gera þetta, mér finnst það alveg frábært. Ég og fiskar eigum samleið … þó ég sé naut.**
>
> *Þröstur Leó Gunnarsson leikari*

„Það er verið að bæta við 150 störfum í bænum og það eru ekki nema 170 manns sem búa þarna," segir Þröstur Leó, sem líst vel á hinn nýja starfsvettvang.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti leikarinn að gerast framkvæmdastjóri hjá Arnarlaxi en hann segir það ekki rétt. „Ég mæti bara á staðinn. Ég hef unnið við þetta áður og þekki því aðeins inn á þetta. Ég er ekkert að fara í neinn forstjórastól en það getur verið að ég taki þetta yfir einhvern tímann," segir hann og hlær.

Aðspurður hvort launin séu ástæðan fyrir vistaskiptunum segir Þröstur Leó að vissulega fái hann pottþétt betri laun í laxeldinu en í leikhúsinu. „En mig langar bara að breyta til. Ég geri þetta reglulega, kannski á tíu ára fresti. Þá fer ég eitthvert og kúpla mig út."

Hann segir að laxeldið eigi vel við sig, en hann starfaði við bleikjueldi í Tálknafirði 1999 til 2000 ásamt því að vera á sjónum. „Það er ógeðslega gaman að gera þetta, mér finnst það alveg frábært. Ég og fiskar eigum samleið … þó ég sé naut."

Leikarinn ætlar að flytja einn á Bíldudal til að byrja með og skilja fjölskylduna eftir fyrir sunnan. Er konan ánægð með þetta? „Já, já. Að fá alltaf ferskan lax? Það er plús, þá þarf ekki að veiða hann." Aðspurður segir Þröstur bjarta framtíð í laxeldi á Íslandi. „Ég held að menn séu búnir að læra af öllum þeim mistökum sem þeir gerðu fyrst til að byrja með."

Matthías Garðarsson er fæddur og uppalinn á Bíldudal en flutti til Noregs fyrir 35 árum þar sem hann byggði upp laxeldi og stærsta útflutningsfyrirtæki Noregs á sviði frystra laxaafurða. Hann hefur nú ákveðið að flytja matvælaiðjuna til Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting Arnarlax á Bíldudal, muni nálgast þrjá milljarða króna þar til framleiðsla hefst á árunum 2015 til 2016.

freyr@frettabladid.is




**FLYTUR VESTUR Í VOR** Leikarinn Þröstur Leó Gunnarsson flytur vestur á Bíldudal í vor þar sem hann mun starfa við laxeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Eddu- og Grímuverðlaunahafi

Þröstur Leó Gunnarsson hefur verið fastráðinn í Borgarleikhúsinu undanfarin ár. Þar áður starfaði hann hjá Þjóðleikhúsinu í tíu ár. Hann hefur leikið í nokkrum kvikmyndum, meðal annars Jón Leifs í Tárum úr steini og föður Nóa í Nóa albínóa, en fyrir það hlutverk hlaut hann Edduverðlaunin 2003.

Þröstur hefur einnig hlotið Grímuverðlaun fyrir hlutverk sín í Killer Joe, Ökutímum og Koddamanninum. Meðal nýlegra hlutverk hans eru Coleman í Vestrinu eina, Barði í Fólkinu í kjallaranum og hlutverk í Fló á skinni.




Hefst 7. janúar

Bakleikfimi

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í sundlaug Hrafnistu við Laugarás. Með sambaívafi í Heilsuborg, Faxafeni 14

Skráning á www.bakleikfimi.is og í síma 897 2896

BREIÐU BÖKIN


Lögreglan hefur fengið gögn frá Interpol um hvarf Friðriks Kristjánssonar:

# Fjölskyldan leitar hans áfram

**LÖGREGLUMÁL** Íslenska lögreglan hefur fengið send öll fyrirliggjandi gögn hjá Interpol í Paragvæ um hvarf Friðriks Kristjánssonar, þrítugs manns sem ekkert hefur spurst til síðan í apríl, Stöð 2 greindi frá þessu í gær.

Monika Costa, yfirmaður rannsóknardeildar Interpol í Paragvæ, segir að lögreglan vinni í málinu en ekki sé vitað hvort Friðrik hafi farið til Brasilíu og síðan til Paragvæ þar sem landamæraeftirlitið getur ekki staðfest hvort hann hafi farið yfir landamæri landanna. Það sé því óljóst hvar hann hvarf.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fór til Paragvæ í sumar til að reyna að afla gagna. Ferðin bar lítinn árangur.

Kristján Einar Kristjánsson, bróðir Friðriks, segir fjölskylduna hafa þungar áhyggjur af afdrifum hans. Hún hefur lýst eftir honum með margvíslegum hætti og vinnur náið með lögreglunni. Kristján segir jólin hafa verið erfið. Fjölskyldan ætlar að halda leitinni áfram á komandi ári.

„Við höldum í vonina um að fá einhverjar góðar fréttir. Maður hættir aldrei að leita," segir Kristján. - þþ



**FRIÐRIK KRISTJÁNSSON** Ekkert hefur spurst til hans í hálft ár.




Mjólkursamsalan óskar landsmönnum árs og friðar

Þökkum viðskiptin á árinu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**5.700 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu árið 2013.**

**370 fleiri kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 heldur en 2012, þegar 5.330 samningum var þinglýst.**

Meðalupphæð kaupsamninga var 33,5 milljónir en árið 2012 var meðalupphæðin 30,7 milljónir.

Formenn stjórnmálaflokkanna fara yfir viðburðaríkt ár með Fréttastofu Stöðvar 2 á síðasta degi ársins :

# Kryddsíldin sýnd beint í opinni dagskrá

**DAGSKRÁ** „Það mun enginn segja nei við Kryddsíldinni í ár, hún verður líka fyrir matvanda,“ segir Breki Logason, fréttastjóri Stöðvar 2, um tuttugustu og þriðju Kryddsíld Stöðvar 2 sem verður í beinni útsendingu og opinni dagskrá venju samkvæmt á gamlársdag.

Það verða þau Lóa Pind Aldísardóttir og Heimir Már Pétursson sem stjórna umræðum en formenn allra flokka á þingi mæta í myndver. Edda Andrésdóttir kynnir þáttinn að venju og síðan mun fréttastofan kynna val sitt á manni ársins.

„Við ákváðum að brjóta aðeins upp og fengum þau Sögu Garðarsdóttur og Berg Ebba Benediktsson í lið með okkur. Saga hefur samið lag ásamt félögum sínum sem er nokkurs konar óskalisti þjóðarinnar til ríkisstjórnarinnar. Við Bergur munum síðan fara yfir helstu tíðindi ársins í pólitíkinni,“ segir Breki sem býst við skemmtilegum umræðum á milli formannanna.

„Þetta er skemmtilegur hópur. Ég býst ekki við öðru en að stjórnarandstaðan noti þennan síðasta dag ársins til þess að gagnrýna ríkisstjórnina aðeins. Það er allavega nóg af málum sem þarf að ræða.“

Fréttamenn Stöðvar 2 munu einnig hafa í nógu að snúast á þessum síðasta degi ársins. „Við verðum með sjónvarpsfréttir í hádeginu og þá bæði á Stöð 2 og Bylgjunni. Við ætlum að kveðja árið með stæl og vonum að sem flestir taki þátt í þeirri gleði,“ segir Breki að lokum. **- ebg**



**FLOKKSFORMENN** Formenn allra flokka á þingi mæta í myndver í Kryddsíld á gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kæra í Vestmannaeyjum:

## Réðst á konu í heimahúsi

**LÖGREGLA** Kona kærði líkamsárás til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald helgarinnar. Árásin átti sér stað í heimahúsi að morgni sunnudags þar sem karlmaður á fimmtugsaldri réðst á konu á fertugsaldri með þeim afleiðingum að konan fékk áverka á hálsi. Bæði voru þau gestkomandi í húsinu.

Maðurinn var handtekinn og gisti fangageymslur en skýrslur voru teknar af honum þegar víman rann af honum svo og af konunni sem varð fyrir árásinni og vitnum. **- fbj**



**FRÁ SVARTSENGI** Forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar vísar því á bug að sala á bæjarins á hlut í HS Veitum fari á svig við lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Salan á hlut í HS Veitum:

## Segir ekki farið á svig við lög

**VIÐSKIPTI** Böðvar Jónsson, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, segir að ekki sé farið á svig við lög með hluthafasamkomulagi sem gert verði samhliða sölu á um þriðjungshlut í HS Veitum.

Samkomulag liggur fyrir um sölu um 33 prósenta hlutafjár Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjanesbæjar og nokkurra minni sveitarfélaga í HS Veitum til félagsins Ursusar, sem er í meirihluta eigu lífeyrissjóða og svo Heiðars Más Guðjónssonar fjárfestis. Samkvæmt lögum verða veitufyrirtæki að vera í meirihlutaeigu opinberra aðila. **- hmp, jme**

# Staðfest að ungviði makríls elst upp við strendur Íslands

Hafrannsóknastofnun hefur nú í fyrsta sinn vísbendingar um að makríll hafi klakist út við Ísland. Ársgamall makríll finnst víða. Of snemmt að tala um að staðbundinn stofn sé að vaxa hér upp, segir sérfræðingur Hafró.

**NÁTTÚRA** Hafrannsóknastofnun hefur nú fyrstu vísbendingar um að ungviði makríls hafi klakist út við Ísland og alist nú hér upp. Þetta staðfestir það sem menn hafa talið um árabil, en ársgamall makríll fannst víða við Suðurland í vorralli stofnunarinnar í mars 2011 sem benti til vetursetu makrílseiða hér við land.

Þessar nýju niðurstöður byggjast á aldursgreiningum á makrílungviði frá 2010 sem benda til þess að seiðin hafi klakist út á sama tíma og hrygning makríls átti sér stað innan íslensku lögsögunnar sama ár. Aðrar niðurstöður rannsókna benda einnig til þess að uppruna ungviðisins megi rekja til þessarar hrygningar.

Sveinn Sveinbjörnsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að niðurstöðurnar, sem kynntar voru í gær, séu mjög áhugaverðar í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða í lífríki sjávar með hlýnandi veðurfari. Hins vegar segir hann of snemmt að tala um að staðbundinn íslenskur makrílstofn sé að vaxa hér upp.

„Það er ekki hægt að tala um slíkt, enda er þetta ekki í slíku magni ennþá,“ segir Sveinn.

Flökkustofn makríls sem gengur nú inn í lögsöguna ár hvert er yngstur tveggja ára gamall makríll. Megnið af göngunni er eldri fiskur. „En þessi ungfiskur sem við erum að sjá verður rúmlega 20 sentimetrar eftir vetursetuna, enda vex hann mjög hratt,“ segir Sveinn.

Spurður hvaða þýðingu niðurstöðurnar hafi til framtíðar litið segir Sveinn það ráðast af því hvort umhverfisaðstæður verði áfram hagstæðar tegundinni.

Sveinn dregur ekki úr því að hrygning makrílsins hafi komið mönnum nokkuð á óvart, en á sama tíma séu breytingarnar svo miklar að búast hefði mátt við þessari þróun, sem erfitt sé að sjá fyrir endann á. Þegar megi sjá miklar breytingar á útbreiðslu staðbundinna stofna við landið; ýsa og skötuselur haldi sig nú sífellt meira fyrir norðan land sem sé mikil breyting frá því sem áður var.

**svavar@frettabladid.is**





**MAKRÍLFRYSTING** Áhöfninn á Hugin VE 55 er hér að ganga frá síðustu makríltonnunum á síðustu vertíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Hrygning fyrst staðfest árið 2006

- Stofnstærð makríls er metin þriðja hvert ár, út frá magni hrygndra eggja.
- Sumarið 2010 tók Hafrannsóknastofnun í fyrsta sinn þátt í matinu, en þá tóku alls níu þjóðir þátt í rannsókninni, undir stjórn Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES).
- Á tímabilinu 9.-22. júní voru tekin svifsýni á Rs. Árna Friðrikssyni á 111 stöðvum á svæði sem náði allt frá Suðausturdjúpi og langt austur fyrir Færeyjar. Útbreiðsla makríleggja náði mun lengra til vesturs en búist var við og staðfesti það í fyrsta skipti að makríll er farinn að hrygna innan íslensku lögsögunnar.
- Árið 2006 varð í fyrsta skipti vart við makríl á fyrsta ári í haustralli Hafrannsóknastofnunar. Þá fundust seiði á litlu svæði frá Selvogsbanka að Vestmannaeyjum.
- Haustið 2010 fundust seiði á fjölmörgum stöðvum, allt frá Höfn í Hornafirði að Látrabjargi.
- Þá fannst í fyrsta skipti ársgamall makríll á mörgum stöðvum við Suðurland í vorralli Hafrannsóknastofnunar í mars 2011 sem bendir til vetursetu seiðanna hér við land.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**GLEÐILEGT NÝTT ÁR!** Það lítur út fyrir nokkuð stífa NA-átt á landinu í dag, einkum á Vestfjörðum og SA-til. Í kvöld verður besta skotveðrið væntanlega suðvestan til, þar verður bjart með köflum en norðan- og austanlands verður skýjað og stöku él.




**Á morgun**
10-18 m/s V-til, annars hægari.




**Fimmtudagur**
Víða 8-18 m/s, hvassast á annesjum.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Berlín | 4° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 21° | New York | 2° | París | 9° |
| Aþena | 12° | Billund | 6° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 22° | San Francisco | 14° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 14° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 6° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



# GLEÐILEGT NÝTT ÁR
## OG TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA




## AFGREIÐSLUTÍMI 31. DESEMBER – 2. JANÚAR

| | | SKEIFAN EIÐISTORG GARÐABÆR | SMÁRALIND KRINGLAN | AKUREYRI | SPÖNGIN | HOLTA-GARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞRI | 31. DES | OPIÐ TIL 18 | 10-14 | 10-14 | 10-14 | 10-14 | 10-14 |
| MIÐ | 1. JAN | OPNAR 11 | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ |
| FIM | 2. JAN | 24 TÍMA | 10-20 | 10-24 | 10-20 | 10-19 | 11-18:30 |

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mikið hækka innritunargjöld í ríkisháskóla um áramótin?
**2.** Hvað fékk tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti í jólagjöf?
**3.** Hversu mörg stig hlaut Gylfi Sigurðsson sem íþróttamaður ársins?

**SVÖR**

**1.** Um 15 þúsund krónur. **2.** Landakort. **3.** 466 af 500 mögulegum.

Neytendasamtökin segja engin lög til um skilarétt í verslunum, kaupmenn ákveði hann sjálfir:

# Of skammur frestur til að skila jólagjöfum

**VERSLUN** „Neytendasamtökin segja að skilaréttur eftir jól sé í mörgum tilfellum of skammur.

„Í flestum tilfellum er skilafrestur til 31. desember og jafnvel skemur. Við teljum það ansi knappt,“ segir Kristín Einarsdóttir hjá Neytendasamtökunum.

Seljendur ráða því sjálfir hvaða skilarétt þeir hafa. Það eru ekki til lög um hann. Einungis eru til leiðbeinandi reglur sem margar verslanir fara eftir.

Flestar verslanir skipta vörum eða gefa út inneignarnótur en mjög sjaldgæft er að hægt sé að fara fram á endurgreiðslu.

Útsölur sem hefjast strax að lokinni jólaverslun flækja málin fyrir þá sem vilja skila jólagjöfunum.

„Við myndum vilja að skilaréttur væri einhver ákveðinn tími og útsölur myndu ekki hefjast fyrr en að honum loknum,“ segir Kristín.

Flest mál sem koma til kasta Neytendasamtakanna þessa dagana varða skilarétt.

„Einstaka verslun endurgreiðir vörur. Við fáum líka nokkur mál þar sem fólk kvartar yfir því að útsölur séu hafnar. Þegar fólk skilar vill seljandinn einungis gefa innleggsnótu fyrir útsöluverðinu,“ segir Kristín Einarsdóttir. **- jbg**



**SKILA OG SKIPTA** Það fer hver að verða síðastur að skila jólagjöfunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






# Skima fyrir siðblindu hjá ungum föngum

Í Danmörku er farið að greina einkenni siðblindu hjá ungum afbrotamönnum. Forstöðumaður Stuðla telur aðferðina forvitnilega en efast um tilgang hennar þar sem fátt sé vitað um árangur. Fullorðnum föngum hér á landi býðst meðferð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Dönsk heilbrigðisyfirvöld hafa tekið upp skimunarpróf á einkennum siðblindu hjá ungum afbrotamönnum. Um er að ræða próf sem ætlað er ungmennum á aldrinum 13 til 19 ára, og er markmið yfirvalda að greina siðblindu fyrr og að spara samfélaginu kostnað vegna afbrota. Forstöðumaður Stuðla segir breytingarnar forvitnilegar en efast um tilgang þeirra.

Í geðheilbrigðisvísindum eru greiningar á siðblindu hjá börnum umdeildar. „Það er umdeilt að tala um siðblindu meðal barna og unglinga, en það gera það samt sumir. Ástæðan er sú að við vitum ekki hvað siðblinda er nákvæmlega. Ef hún er persónuleikatruflun, er ekki talað um slíkar truflanir hjá börnum fyrr en þau hafa náð átján ára aldri, því hegðun og hugsun þeirra er ekki orðin það fastmótuð að hægt sé að slá neinu föstu,“ segir Þórarinn Vignir Hjaltason, forstöðumaður Stuðla.

Sólveig Kjærnestæd, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir greiningu siðblindu hjá ungmennum vera vandasama þar sem hún reynist oft vera varanlegur stimpill. Þá geti unglingar einnig aldurs síns vegna sýnt mörg einkenni siðblindu, svo sem verið mjög sjálfmiðaðir.

Þórarinn segir breytingarnar í Danmörku forvitnilegar en að hann myndi vilja vita hvaða tilgangi prófið eigi að þjóna. „Því hefur verið haldið fram að siðblinda sé ólæknanleg. Þetta vekur því óneitanlega spurningar um hvort verið sé að greina unga einstaklinga til að vara við þeim en ekki í meðferðarskyni,“ segir hann.

Þórarinn segir þó skipta máli að koma auga á vanda ungmenna sem fyrst og auðvelda snemmtæka íhlutun. „Það virkar alltaf best að grípa inn í áður en kvillarnir ná að fastmótast,“ segir hann.



**EFINS** Þórarinn Viðar Hjaltason, forstöðumaður Stuðla, segir hugmyndina um skimum fyrir siðblindu hjá ungum brotamönnum vera forvitnilega, en efast um tilganginn með slíku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Siðblindir fangar fá meðferð

Hjá Fangelsismálastofnun er þegar notað próf sem metur siðblindueinkenni, en það er ætlað fullorðnum föngum. Sólveig Kjærnested, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir prófið notað þegar talin er þörf á viðbótarupplýsingum í sálfræðimeðferð fanga. Það sé hins vegar ekki algengt. Hún segir greiningu siðblindu krefjast mikillar rannsóknarvinnu og hún hafi ekki verið gerð að forgangsmáli hjá stofnuninni. Ekki er vitað hversu hátt hlutfall íslenskra fanga telst siðblint.

Því er oft haldið fram að siðblinda sé ólæknandi ástand en Sólveig segir meðferð stundum mögulega. „Það er til meðferð fyrir siðblinda, en hún er mjög vandasöm og ekki alltaf talin ráðleg. Lykilatriðið er að viðkomandi vilji aðstoð, segir Sólveig. Hún segir að í sumum tilfellum geri siðblindir sér grein fyrir að ákveðin siðblindueinkenni eru þeim fjötur um fót og vilji vinna með þau, en vandinn við slíka meðferð er að meta hvort sá siðblindi muni nýta meðferðarvinnuna til góðs eða ekki.

Þórarinn segir matstæki almennt vera hjálpleg til að greina vanda og veita meðferð á réttum stöðum. Á Stuðlum er notast við áhættumatstæki, sem kallast Youth Level of Service, til þess að meta meðal annars neyslu, vanda í fjölskyldum og aðra þætti sem skipta máli í meðferð ungmenna. Öll börn sem leggjast inn á meðferðardeild Stuðla gangast undir áhættumat af þessu tagi, en einnig börn sem ítrekað koma á neyðarvistun stofnunarinnar vegna afbrota, neyslu eða aðstæðna sem reynast þeim hættulegar. **eva@frettabladid.is**






Bandarísk flugyfirvöld kynna tilraunastaði fyrir dróna í sex ríkjum:

# Víðtæk drónanotkun undirbúin

**BANDARÍKIN, AP** Svonefndir drónar eða vélflugur hafa til þessa að mestu verið notaðir í hernaði, en á næstu árum má búast við því að þessi tækni verði í auknum mæli notuð af einkafyrirtækjum, bændum, háskólum og ýmsum ríkisstofnunum.

Bandarísk flugyfirvöld kynntu rétt fyrir áramótin áform um að í sex ríkjum Bandaríkjanna yrði komið upp tilraunastöðvum fyrir dróneflug.

Þetta verður gert í Alaska, Nevada, New York, Norður-Dakóta, Texas og Virginíu.

„Þessar tilraunastöðvar munu gefa okkur mikilvægar upplýsingar um það hvernig best verður hægt að tryggja öryggið þegar þessi nýja tækni verður tekin í notkun í lofthelgi okkar,“ sagði Anthony Foxx, samgöngumálaráðherra Bandaríkjanna í yfirlýsingu.

Í nýlegri rannsókn er því spáð að meira en 70 þúsund störf geti skapast þegar bandarísk yfirvöld létta að nokkru hömlum á notkun ómannaðra flugfara í bandarískri lofthelgi.

Þessi nýja tækni hefur hins vegar sætt töluverðri gagnrýni, meðal annars fyrir að gera stjórnvöldum kleift að útvíkka enn frekar eftirlit sitt með daglegu lífi almennings. **- gb**



**ÓMANNAÐ FLUGFAR** Margir óttast að eftirlit stjórnvalda með daglegu lífi almennings muni eflast til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Gleðilegt nýtt ár
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Umsókn WOW air samþykkt:

# Mega fljúga til Bandaríkjanna

**SAMGÖNGUR** Bandarísk flugmálayfirvöld hafa samþykkt umsókn WOW air um leyfi til að fljúga til Bandaríkjanna. Þetta kemur fram á vefnum turisti.is.

Talsmaður bandarísku flugmálastjórnarinnar segir í svari við fyrirspur Túrista að umsókn íslenska félagsins frá í nóvember hafi verið afgreidd fyrir jól og WOW air megi því hefja sölu á ferðum til Bandaríkjanna. Ekki liggur þó fyrir hvenær félagið hefur sölu á farmiðum. - kh

Að minnsta kosti 70 fréttamenn dóu við störf sín í heiminum á árinu 2013 samkvæmt nýrri úttekt:

# Flestir fréttamenn létust í Sýrlandi og Írak

**FJÖLMIÐLAR** Að minnsta kosti 70 fréttamenn létu lífið við störf sín á árinu 2013, samkvæmt úttekt samtaka sem nefnast Nefnd til verndar fréttamönnum.

Flestir þeirra létust í Sýrlandi, eða 29, en tíu létust í Írak og sex í Egyptalandi.

„Miðausturlönd eru orðin að blóðvelli fyrir fréttamenn,“ segir Robert Mahoney, aðstoðarframkvæmdastjóri samtakanna. „Þótt dauðsföllum fréttamanna hafi fækkað á sumum stöðum, þá hefur borgarastríðið í Sýrlandi og endurnýjuð átök ólíkra hópa í Írak tekið kvalafullan toll.“

Hann segir að alþjóðasamfélagið verði nú að þrýsta á leiðtoga allra ríkja og vopnaðra hópa um að virða stöðu fréttamanna og sækja til saka þá sem verða þeim að bana.

Samtökin hafa fylgst með dauðsföllum fréttamanna í starfi um heim allan frá árinu 1992.

Verið er að skoða hvort dauðsföll 25 annarra fréttamanna, sem ekki eru inni í fyrrgreindri tölu fyrir árið 2013, hafi með einhverjum hætti tengst störfum þeirra. - gb

**29** fréttamenn féllu við störf sín í Sýrlandi í ár, fleiri en í nokkru öðru landi.



**LÁTINN Á ÁRINU** Einn þeirra 70 fréttamanna sem létust við störf sín á árinu var Mohamed Mohamud frá Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÍSLANDSBANKI** Bankinn hefur lánað norsku skipafélagi um 2,5 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandsbanki lánar Havila:

# Lánar um 2,5 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur lánað norska skipafélaginu Havila 130 milljónir norskra króna, um 2,5 milljarða íslenskra króna. Bankinn tekur þannig þátt í sambankaláni upp á 475 milljónir norskra króna. Lánið verður notað til að endurfjármagna fjögur skip Havila sem þjónusta olíuiðnað Noregs.

Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Íslandsbanka, sagði í tilkynningu að lánveitingin væri mikilvægt skref í að auka þátttöku bankans í þjónustuiðnaði tengdum olíu og gasleit á Norður-Atlantshafi. - hg

# Tvær árásir á tveimur dögum

Yfir þrjátíu manns hafa látist í sjálfsmorðsárásum í rússnesku borginni Volgograd. Rússnesk yfirvöld segja árásirnar tengjast. Þau hafa aukið öryggisviðbúnað sinn til að koma í veg fyrir árásir á Vetrarólympíuleikunum.

**RÚSSLAND, AP** Fjórtán létust og um þrjátíu særðust í sjálfsmorðssprengjuárás í borginni Volgograd í suðurhluta Rússlands í gær. Sprengjan sprakk í strætisvagni á háannatíma.

Enginn hefur lýst árásinni á hendur sér. Rússnesk yfirvöld segja að tengsl séu á milli árásarinnar og sjálfsmorðsárásar frá því á sunnudag. Þá sprengdi kona sig í loft upp við málmleitarhlið í anddyri aðaljárnbrautarstöðvar Volgograd, með þeim afleiðingum að sautján létust og yfir þrjátíu særðust.

Vladimír Markín, yfirmaður innan rússnesku lögreglunnar, sagði í yfirlýsingu í gær að sprengjan sem notuð var í strætisvagninum hefði verið svipuð þeirri sem sprakk á sunnudag.

„Það staðfestir að þessar tvær hryðjuverkaárásir tengjast,“ sagði hann.

Markín sagði stjórnvöld ætla að auka öryggisviðbúnað í landinu í þeirri von að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk.

Rúmir tveir mánuðir eru liðnir síðan kona sprengdi sig í loft upp í öðrum strætisvagni í Volgograd. Þá létust sex. Borgin, sem hét áður Stalíngrad, hefur mikið táknrænt gildi fyrir Rússa því þar sigruðu þeir Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni og snéru við gangi hennar.

➜ Árásirnar þrjár eru taldar tengjast hótunum Doku Umarov, leiðtoga uppreisnarmanna í Téténíu, sem boðaði árásir gegn almenningi.

Árásirnar þrjár eru taldar tengjast ummælum Doku Umarov, leiðtoga uppreisnarmanna í Téténíu, en hann hótaði fyrr á árinu að árásum fylgismanna hans yrði beint gegn óbreyttum borgurum í Rússlandi.

Rússnesk yfirvöld hafa vaxandi áhyggjur af árásum hryðjuverkamanna nú þegar um mánuður er í opnunarathöfn Vetrarólympíuleikanna sem fara fram í rússnesku borginni Sachi. Þau hafa nú þegar hert öryggisviðbúnað sinn í borginni en árásir síðustu daga hafa leitt veikleika þeirra í öðrum borgum í ljós.

Alþjóðaólympíunefndin sendi aðstandendum þeirra sem létust í árásinni á sunnudag samúðarkveðjur í yfirlýsingu. Þar kom jafnframt fram að nefndin hefur fulla trú á því að Rússum takist að koma í veg fyrir að árásir hryðjuverkamanna nái til Vetrarólympíuleikanna.

haraldur@frettabladid.is



**ÁRÁSIN Í GÆR** Sprengjan var svo öflug að strætisvagninn tættist í sundur. NORDICPHOTOS/AFP.








**HANDTÖKUR Í KAÍRÓ** Egypskur lögreglumaður handtekur konu sem tók þátt í mótmælum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Egyptaland hvetur Arababandalagið til að hætta stuðningi:

# Dæmdu tugi meðlima Bræðralagsins

**EGYPTALAND** Stjórn Egyptalands hvatti í gær aðildarríki Arababandalagsins til að hætta öllum fjárstuðningi við Bræðralag múslima, nú þegar Egyptaland hefur opinberlega sett Bræðralagið á lista yfir hryðjuverkasamtök.

Bræðralagið er stærsta hreyfing íslamista í Egyptalandi og systursamtök þess eru auk þess starfandi í flestum nágrannalöndunum.

Í gær voru 139 liðsmenn Bræðralagsins dæmdir í Egyptalandi fyrir ýmsar sakir, allt frá skemmdarverkum til óeirða. Mennirnir hlutu allir tveggja ára fangelsisdóm.

Herinn í Egyptalandi steypti í sumar lýðræðislega kjörinni stjórn Múhameds Morsí, eins áhrifamesta liðsmanns Bræðralagsins, af stóli og kom bráðabirgðastjórn til valda. - gb



Fiton ehf./SÍA

Skattar lækka í Svíþjóð:

# Sænskir skattar ekki lengur met

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir skattar eru ekki lengur þeir hæstu í heimi, eins og þeir hafa verið árum saman. Hlutfall þeirra hefur lækkað úr 50 prósentum í 45 prósent af þjóðarframleiðslu.

Þar með eru sænsku skattarnir þeir fjórðu hæstu í heimi, en Danir eru í efsta sæti, Belgía í öðru og Frakkland í því þriðja.

Það er sænska útvarpið sem skýrir frá þessu og vísar í nýjar tölur frá Evrópusambandinu. - gb

Kínversk stjórnvöld fara hörðum orðum um forsætisráðherra Japans eftir heimsókn í stríðshof:

# Shinzo Abe ekki lengur velkominn til Kína

**KÍNA, AP** Utanríkisráðuneytið í Kína segir að Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, sé ekki lengur velkominn til Kína eftir að hann heimsótti japanskt hof, þar sem japanskar stríðshetjur eru heiðraðar.

„Hræsni Abes þegar hann segist setja samskiptin við Kína í forgang og geri sér vonir um viðræður hefur verið nú afhjúpuð að fullu,“ sagði Qin Gang, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins.

„Abe þarf nú að viðurkenna mistök sín gagnvart stjórnvöldum og almenningi í Kína, losa sig við fortíðina og byrja upp á nýtt,“ sagði Qin, og tók fram að Abe væri ekki lengur velkominn til Kína og engar viðræður gætu komist á dagskrá.

Abe heimsótti nýverið Ysukuni-hofið í Tókýó, þar sem heiðruð er minning 2,5 milljóna japanskra hermanna sem létust hafa í stríði. Þar á meðal eru margir verstu stríðsglæpamenn Japana frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar, en Japan hafði þá hertekið bæði Kóreu og hluta Kína og farið þar fram af mikilli grimmd.

Japanskir ráðamenn hafa áður vakið mikla reiði meðal Kóreumanna og Kínverja með því að heimsækja þetta hof. - gb



**SHINZO ABE** Forsætisráðherra Japans fylgir í kjölfar shinto-prests í Yasukuni-hofinu í Tókýó á fimmtudaginn var. NORDICPHOTOS/AFP



**CHAPARRASTIQUE GÝS** Fjallið gaus síðast árið 1976. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldgos í El Salvador:

# Íbúum gert að yfirgefa heimili

**EL SALVADOR, AP** Stjórnvöld í El Salvador hafa látið rýma svæði í kringum eldfjallið Chaparrastique, eftir að gos hófst skyndilega á sunnudag.

Allir sem búa í minna en þriggja kílómetra fjarlægð frá fjallinu hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Sumir hafa þó neitað að fara að þessum fyrirmælum.

Fjallið gaus síðast árið 1976, en það er í 50 kílómetra fjarlægð frá borginni San Miguel, sem er ein stærsta borg landsins, og 145 kílómetra suður af höfuðborginni San Salvador. - gb

Lögreglan á Suðurnesjum:

# Fundu fíkniefni og fjármuni við tvær húsleitir

**LÖGREGLA** Nokkurt magn af kannabisefnum, amfetamíni og LSD fannst við nýlega húsleit lögreglunnar á Suðurnesjum.

Einnig fundust fjármunir sem taldir eru ágóði af fíkniefnasölu. Tæplega þrítugur karlmaður og kona um tvítugt voru handtekin á vettvangi og játuðu þau vörslu og sölu fíkniefna.

Þá fóru lögreglumenn í fjölbýlishús í umdæminu vegna gruns um fíkniefnamisferli þar á bæ. Í stigagangi fannst kannabislykt sem leiddi þá að tiltekinni íbúð. Húsráðandi framvísaði kannabisefni og einnig voru í íbúðinni kvörn til að mylja kannabisefni, vigt og pappír til að vefja vindlinga. - fbj

# Þyrftu sex kílómetra sérveg að rennibraut í Kömbunum

Ölfus vill að Vegagerðin skoði að gatnamót vegna rennibrautar niður Kambana verði á þeim stað sem félagið Zalibuna óskar eftir. Vegagerðin vísar á gatnamót sex kílómetrum vestar. Út úr korti, segir talsmaður Zalibunu.

**SKIPULAGSMÁL** Vegagerðina og félagið Zalibunu ehf., sem hyggur á gerð sleðarennibrautar niður Kambana, greinir á um hvar gatnamót að starfsstöð félagsins eigi að vera.

„Okkur þykir leiðinlegt af Vegagerðin ætlar að taka fram fyrir hendurnar á okkur og getur ekki hjálpað að búa til aðkomu að svæðinu,“ segir Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri Zalibunu, sem vill hafa gatnamót á þjóðvegi eitt á Kambabrún.

„Vegna aðstæðna á Hellisheiði þar sem oft er blint vegna þoku, snjókomu og skafrennings telur Vegagerðin að vegamót á svæðinu þurfi að vera sem fæst af öryggisástæðum,“ segir Vegagerðin í svari til Zalibunu. Ljóst sé þó að þörf verði á einum vegamótum til norðurs og einum til suðurs vegna reksturs og framkvæmda við virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur á heiðinni. Til álita komi að starfsemi Zalibunu tengist með T-vegamótum til suðurs á sama stað og aðkoma verði að Hverahlíðarvirkjun þar sem háspennulínur liggja yfir Suðurlandsveg. Sá staður er um sex kílómetra frá væntanlegu starfssvæði Zalibunu. Vegagerðin segir að þetta myndi þýða „allnokkra vegarlagningu“.

Auk sleðarennibrautarinnar hyggjast forsvarsmenn Zalibunu opna veitingastað þar sem brautin byrjar við útsýnisstæðið á Kambabrún. Orkuveitan ætlar að leigja félaginu lóð undir veitingastaðinn. Davíð segir það munu setja alvarlegt strik í reikninginn ef leggja þurfi langan veg sérstaklega að svæðinu.

„Það liggur við að það sé út úr kortinu hvað þetta er langt frá,“ segir Davíð. „Það vantar fleiri stoppistaði á þessu svæði og við erum að reyna að auka við ferðaþjónustuna með því að bjóða upp á ódýra og skemmtilega afþreyingu fyrir bæði ferðamenn og Íslendinga.“

Bæjaryfirvöld bæði í Hveragerði og Ölfusi sem fer með skipulagsvald á svæðinu styðja Zalibunu. Skipulagsnefnd Ölfuss segir mikilvægt að fá gatnamót á sem bestan stað með tilliti til umferðaröryggis og að þau þjóni jafnframt sem best þeirri starfsemi sem byggja eigi upp á svæðinu. „Skipulagsyfirvöld óska eftir að Vegagerðin skoði vel þann möguleika að koma upp gatnamótum þar sem Zalibuna ehf. hefur lagt til,“ segir skipulagsnefnd Ölfuss. gar@frettabladid.is




**RENNIBRAUTARSLEÐI** Zalibuna hyggst nota eins manns sleða í um kílómetra langri rennibraut niður Kambana. MYND/DAVÍÐ ÖRN

> **Okkur þykir leiðinlegt af Vegagerðin ætlar að taka fram fyrir hendurnar á okkur.**
>
> *Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri Zalibunu*



**DAVÍÐ ÖRN SÍMONARSON** Félögunum í Zalibunu finnst miður ef Vegagerðin getur ekki hjálpað þeim að gera aðkomu að starfssvæði þeirra.



**KAMBARNIR** Zalibuna vill fá gatnamót þar sem útsýnisstæðið sést á myndinni en Vegagerðin vill að ekið sé af veginum mun vestar, eða við Gígahnúkaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








VIÐ ÞÖKKUM KÆRLEGA
FYRIR OKKUR Á ÁRINU 2013.
**VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU Á NÝJU ÁRI.**

**Hollar kveðjur, starfsfólk Saffran.**

**Við opnum klukkan 16:00 á nýársdag!**

SAFFRAN

Glæsibæ • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni

Skoðaðu matseðilinn á saffran.is

## Dregið hefur verið í happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

**Vinningar komu á eftirtalin númer:**

**Toyota Yaris Terra 1,0 að verðmæti kr. 2.630.000 hver bifreið komu á miða númer :**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 21914 | 22763 | 26126 | 56243 | 66069 | 66211 |

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr 500,000 hver vinningur komu á miða nr.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 5848 | 42435 | 43166 | 55731 | 72199 | 81749 |

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr 250,000 hver vinningur komu á miða nr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 843 | 1032 | 1896 | 2624 | 3607 | 7192 | 7633 |
| 10578 | 12903 | 13154 | 13255 | 14230 | 14696 | 18930 |
| 20280 | 21324 | 21878 | 23276 | 23339 | 23728 | 24160 |
| 24799 | 25015 | 25036 | 30122 | 31668 | 32421 | 32697 |
| 33294 | 34319 | 36552 | 39890 | 40122 | 41298 | 42753 |
| 44536 | 46257 | 46993 | 48412 | 48689 | 50811 | 52139 |
| 53825 | 55080 | 59176 | 61918 | 62612 | 62921 | 63708 |
| 63974 | 64780 | 65628 | 68967 | 69807 | 71503 | 73943 |
| 74196 | 74688 | 75139 | 77223 | 78335 | 79773 | 80424 |

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.
Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.
Byrjað verður að afhenda vinninga 6. janúar 2014.

Birt án ábyrgðar

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


# Virkjanir OR færast til Orku náttúrunnar

Nýtt opinbert hlutafélag tekur við rekstri virkjana Orkuveitunnar í dag. Engar uppsagnir starfsfólks fylgja breytingunni. Fjárhagur OR leyfir aðgerðina eftir tveggja ára frestun.

**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar (ON), nýtt opinbert hlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, tekur í dag við rekstri virkjana Orkuveitunnar og allri raforkusölu fyrirtækisins. Fyrirtækið er sett á fót til að uppfylla ákvæði raforkulaga um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi.

Veituþjónustan – vatnsveita, hitaveita, fráveita og dreifing rafmagns verður áfram rekin undir merki Orkuveitu Reykjavíkur. Orka náttúrunnar verður hins vegar næststærsti raforkuframleiðandi á landinu og það sölufyrirtæki rafmagns sem hefur flesta viðskiptavini – eða 75 þúsund talsins.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir það hafa staðið til um nokkurt skeið að skipta Orkuveitunni upp með þessum hætti. Hins vegar hafi því verið frestað árið 2011 að beiðni eigenda. Þá hafi ekki verið talið tímabært að ráðast í verkefnið vegna fjárhagsstöðu OR. Fjárhagsstaðan sé hins vegar öll önnur og betri nú og OR því ágætlega í stakk búin að skilja að sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar eins og lög krefjast.

Bjarni segir jafnframt að engar uppsagnir starfsfólks fylgi breytingunni; helst þurfi að ráða í nokkrar stöður hjá ON. Spurður um kostnað við aðskilnaðinn segir Bjarni hann óverulegan.




**Á HELLISHEIÐI** ON á nú og rekur jarðvarmavirkjanirnar á Hellisheiði og á Nesjavöllum og tvær vatnsaflsvirkjanir; Andakílsárvirkjun og Elliðaárstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bjarni segir að grunntónn raforkulaganna frá 2002 sé að vernda sérleyfishluta starfseminnar. „Í stuttu máli er hugmyndin sú með því að hafa samkeppnishlutann alveg sjálfstæðan, þá sé útilokað að samkeppnishlutinn geti misnotað aðstöðuna til að greiða niður kostnað af raforkusölu, og þar með skekkt samkeppnisstöðuna. „Þannig getur samkeppnisfélagið ekki seilst í vasa sérleyfisteknanna.“

Hvort beri að skoða þessa aðgerð í ljósi þeirrar gagnrýni sem er uppi varðandi sölu á hlutum í HS Veitum segir Bjarni þetta ekki skipta máli hvað varðar aðgengi einkaaðila. Þvert á móti reyndar. „Félögin eru bæði opinber hlutafélög, ekki hlutafélög. Í lögum um opinber hlutafélög segir að þar megi eignarhald einkaaðila ekki sjást með neinum hætti.“

Framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar er Páll Erland.

svavar@frettabladid.is





Starfsfólk Íbúðalánasjóðs óskar landsmönnum öllum gleði og friðar á jólum og gæfu á komandi ári.

Íbúðalánasjóður

www.ils.is | Sími: 569 6900 | Grænt númer: 800 6969 | Borgartúni 21, 105 Reykjavík




# ÖSSUR ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÁRS OG FRIÐAR OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

Össur hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og er nú með starfsemi í 18 löndum. Árangur fyrirtækisins byggir á atorkusömu starfsfólki sem leitar á hverjum degi nýrra leiða til að bæta hreyfanleika fólks.

Össur mun halda áfram að þróa vörur sem gera fólki á Íslandi, og um heim allan, kleift að yfirstíga líkamlegar hindranir, njóta sín til fulls og öðlast betra líf.

Landsvirkjun

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Framundan eru spennandi áskoranir við að móta framtíð íslenskrar orkuvinnslu.

# Farsæld á komandi árum

Aflstöðin við Búðarháls er nýjasta vatnsaflsstöð Íslendinga. Hún verður gangsett snemma árs 2014 og mun vinna um 585 GWst af rafmagni inn á orkukerfi landsmanna. Með Búðarhálsstöð er virkjað áður ónýtt 40 metra fall á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu á meðan neikvæðum umhverfisáhrifum er haldið í lágmarki.

Byggingu vatnsaflsstöðvar fylgir rask og því er mikilvægt að skoða þegar í upphafi hvort mögulegir virkjanakostir séu ásættanlegir frá sjónarmiði umhverfisverndar, hagkvæmir og tæknilega leysanlegir. Eftir að framkvæmdum er lokið og rekstur hafinn er raforka úr vatnsafli þó líklega hreinasta orka sem völ er á.

Búðarhálsstöð skapar veruleg verðmæti með því að fullnýta fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Við byggingu hennar voru eldri efnisnámur endurnýttar og flest mannvirki eru neðanjarðar. Á nýju ári verður unnið að frágangi og uppgræðslu með það að markmiði að ný aflstöð við Búðarháls verði okkur öllum til sóma.

Við óskum landsmönnum farsældar á komandi árum og þökkum fyrir gifturíkt samstarf á árinu sem er að líða.

www.landsvirkjun.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA





**FYRSTI SNJÓRINN Í KABÚL** Rauðar plastrósir prýða púðursykur sem seldur er í stykkjavís á sölubás í Kabúl. Þar snjóaði í fyrrinótt þannig að rúmlega fimm sentímetra jafnfallinn snjór blasti við íbúum í gærmorgun. Er þetta fyrsti snjór vetrarins í höfuðborginni. NORDICPHOTOS/AFP



**SUBBULEG SÓLARSTRÖND Á BALÍ** Unnið er hörðum höndum að því að hreinsa rusl sem skolað hefur á land síðustu daga á sólarströnd nærri Denpasar á Balí.



**HOLLANDE SÆKIR SÁDA HEIM** Francois Hollande, Frakklandsforseti, sótti í gær heim al-Masmak-kastala í Ríjad, höfuðborg Sádi-Arabíu. Hollande og Abdúlla, konungur Sádi-Arabíu, ræddu vaxandi óróa í Miðausturlöndum á fundi sínum í gær, með sérstakri áherslu á málefni Líbanons og Sýrlands.



# ÁSTAND HEIMSINS



**LÖGREGLUAÐGERÐ Í GRIKKLANDI** Lögregla leitar sönnunargagna fyrir utan heimili þýska sendiherrans í Aþenu í gærmorgun. Um klukkan hálf fjögur á aðfaranótt mánudagsins var skotið meira en 20 sinnum á bústað ráðherrans, án þess þó að skaði hlytist af. Þá urðu litlar skemmdir á staðnum.



**SPRENGJUR TIL SÝNIS Í PAKISTAN** Lögreglumenn í Islamabad héldu í gær blaðamannafund þar sem til sýnis voru sprengjur og sprengibúnaður sem fannst við vegarspotta nærri heimili Pervezar Musharrafs, fyrrverandi yfirmanns herforingjastjórnarinnar í Pakistan, tveimur dögum áður en hann átti að koma fyrir dóm sakaður um landráð.



**KÍNVERSKUR MATHÁKUR** Pan Jitzhong grettir sig yfir ormunum sem hann lét ofan í sig í kappátskeppni sem haldin var fyrir helgi í Líúang í Húnanhéraði í Kína. Hann hefur í beit borðað 147 hveitibollur (sem sumir kalla dumplinga) og sturtað í sig 40 núðluskálum á fimmtán mínútum. Hann er frægasta kappátshetja Kína og leitar nú að enn einni áskorun, jafnvel þótt hann viðurkenni að áhugamálið hafi kostað hann hjónabandið.




# Straumhvörf um áramót

## Orka náttúrunnar tekur við framleiðslu og sölu á rafmagni af Orkuveitu Reykjavíkur

Ljósmynd: Páll Kristjánsson, 1986. Elliðaárvirkjun. Gamla stöðvarhúsið,vélasalur.

ENNEMM / SÍA / NM60439

Það eru margir merkir kaflar í sögu Orkuveitu Reykjavíkur og forvera hennar, allt frá því að Reykvíkingum var tryggt hreint vatn árið 1909 og Kristján konungur ræsti Elliðaárstöðina árið 1921.

Nú um áramótin hefst áhugaverður kafli þegar nýtt dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur tekur við framleiðslu og sölu á rafmagni eins og kveðið er á um í raforkulögum.

Framundan eru spennandi tímar og verkefni sem við hlökkum til að vinna með viðskiptavinum okkar.

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Orka náttúrunnar er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

**Orkuveita Reykjavíkur**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 516 6000 · www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

Ársreikningur Ríkisútvarps:

## 1,7 milljónir í rekstrarafgang

**VIÐSKIPTI** 1,7 milljóna króna afgangur var af rekstri Ríkisútvarpsins samkvæmt síðasta ársuppgjöri. Reikningsár Ríkisútvarpsins nær frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013.

Stjórn fyrirtækisins segir að hagnaðurinn sé í takt við áætlanir.

Samkvæmt ársreikningi nema eignir RÚV tæpum 6,3 milljörðum króna. Bókfært eigið fé er rúmar 650 milljónir, eiginfjárhlutfallið er 10,4 prósent. - jme

Kína hefur bannað opinberum starfsmönnum að reykja á almannafæri:

## Kommúnistastjórnin reyklaus

**PEKING, AP** Kínastjórn hefur blásið til nýs átaks til að draga úr reykingum í landinu. Hvergi í heiminum eru fleiri ánetjaðir sígarettum. Til að bregðast við hefur stjórnin nú bannað opinberum starfsmönnum að reykja á almannafæri.

Að þessu sinni kemur tilskipunin frá æðstu stjórn Kommúnistaflokksins og ríkisstjórninni.

Þar til innanríkisráðuneyti Kína og miðstjórn Kommúnistaflokksins sendu frá sér tilkynningu á sunnudag höfðu tilraunir til að draga úr reykingum einskorðast við borgar- og sveitarstjórnir. Heilbrigðisráðuneytið sendi reyndar árið 2011 frá sér leiðbeiningar um að ekki mætti reykja á vissum stöðum, svo sem á hótelum og á veitingastöðum, en þær voru gagnrýndar fyrir skort á viðurlögum og leiðbeiningum um hvernig ætti að framfylgja þeim.

Nýju reglurnar, sem vonast er til að séu undanfari alhliða banns við reykingum á opinberum stöðum, þrýsta á opinbera starfsmenn að fara á undan með góðu fordæmi og drepa í. - óká



**REYKPÁSA** Á þessari mynd, frá því í fyrravor, sjást fulltrúar á fundi í Höll fólksins í Peking nýta fundarhlé til að svala fíkn sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grikkir vilja ekki fleiri lán:

## Segja skilið við neyðaráætlun

**GRIKKLAND** Gríska ríkið stefnir á að segja skilið við neyðaráætlun Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu 2014.

Þetta fullyrti Antonis Samaras forsætisráðherra í sjónvarpsviðtali í gær.

Hann segir að Grikkir muni ekki þurfa á fleiri neyðarlánum að halda, til viðbótar þeim tveimur sem þeir hafa þegar fengið.

„Það verður engin þörf fyrir ný lán eða nýtt neyðarsamkomulag," sagði hann. - gb



**BORGIN** Heildarupphæð kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu stefnir í 191 milljarð króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fasteignaviðskipti árið 2013:

## Heildarveltan jókst um 18%

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta fasteignaviðskipta nam um 243 milljörðum króna á þessu ári en veltan var 206 milljarðar 2012, samkvæmt samantekt Þjóðskrár Íslands um fasteignamarkaðinn á árinu.

Um 8.300 kaupsamningum var þinglýst á landinu öllu á árinu en 7.640 samningum í fyrra. Meðalupphæð á hvern samning var um 29 milljónir króna og hækkaði um tvær milljónir milli ára. - hg

Opið 9-17 í dag




PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 - Sími: 534 0534

# Tugir brenna um allt land

Kveikt verður í tugum áramótabrenna um allt land á gamlárskvöld, flestum í höfuðborginni. Veðurspá lofar víða góðu og munu brennugestir njóta flugeldasýninga og söngatriða. Slökkvilið varar við notkun skotelda við brennur.

**SKEMMTUN** Á fjórða tug áramótabrenna hafa verið skipulagðar um land allt á gamlárskvöld, flestar brennur eru haldnar á höfuðborgarsvæðinu. Auk bálkastarins er víða boðið upp á flugeldasýningar og fjöldasöng. Fréttablaðið tók saman upplýsingar um brennur víða um land, en listinn er þó ekki tæmandi.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kemur að undirbúningi áramótabrenna á svæðinu. „Við skoðum alla þessa staði og höfum fund með forsvarsmönnum og veðurstofunni. Þá höldum við utan um skrá yfir staðina og viðbragðsáætlun ef eitthvað kemur upp," segir Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri. Hann varar brennugesti við að fara of nálægt eldinum og hvetur þá til að skilja skoteldana eftir heima. „Það er um að gera að njóta bara brennunnar og láta aðra um skemmtiatriðin," segir Birgir.

Í Þingahverfi í Kópavogi standa íbúar fimmta árið í röð að eigin áramótabrennu og taka þeir Árni Johnsen og Kristján Jóhannsson lagið líkt og fyrri ár. Á Seltjarnarnesi mun Hermann Arason tónlistarmaður leiða fjöldasöng. Í Grímsey verður brennan sérstaklega stór og vegleg þetta árið, þar sem til stendur að brenna gamalt þak, en skipt var um þak á sundlaug bæjarins síðastliðið sumar.

Veðurspá fyrir höfuðborgarsvæðið lítur vel út. „Slökkviliðið hefur verið í sambandi við veðurstofuna í dag og þetta lítur þokkalega út," segir Birgir. Á Akureyri var útlitið ekki gott í gærdag en vonast var eftir betri tíð í dag, „Það ætti að vera hægur vindur á dag svo þetta lítur ágætlega út," segir Björn Heiðar Sigurbjörnsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Akureyri. eva@frettabladid.is

### ÁRAMÓTABRENNUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU




**Skýringar**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Valhúsahæð | 20.30 |
| 2. | Ægisíða | 20.30 |
| 3. | Skerjafjörður | 20.30 |
| 4. | Ströndin norðan við Gesthús | 20.30 |
| 5. | Sjávargrund | 21.00 |
| 6. | Tjarnarvellir | 20.30 |
| 7. | Laugarásvegur | 20.30 |
| 8. | Suðurhlíðar | 20.30 |
| 9. | Kópavogsdalur | 20.30 |
| 10. | Gufunes | 20.30 |
| 11. | Geirsnef | 20.30 |
| 12. | Suðurfell | 20.30 |
| 13. | Boðaþing | 20.30 |
| 14. | Kléberg á Kjalarnesi | 20.30 |
| 15. | Fyrir neðan Holtahverfi við Leirvoginn | 20.30 |
| 16. | Fisfélagið Úlfarsfelli | 14.30 |
| 17. | Fylkisbrenna | 20.30 |

### → Veðurspá fyrir kvöldið

Spá Veðurstofunnar fyrir kvöldið gerir ráð fyrir norðaustan 13-20 metrum á sekúndu norðvestan til og við suðausturströndina, en annars hægari vindi. Dálítil snjóél norðan til, slydduél fyrir austan, en þurrt og háskýjað um landið suðvestanvert. Hiti verður yfirleitt 0 til 5 stig sunnan til, en annars um frostmark.

### → Brennur hringinn í kringum landið

**Suðurnes**
Sandgerði kl. 20.00, Vogar kl. 20.00
Grindavík kl. 20.30, Garður kl. 20.30

**Akureyri**
Hrísey kl. 17.00, Akureyri kl. 20.30, Grímsey kl. 20.00

**Norðurþing**
Húsavík kl. 16.45

**Fjallabyggð**
Ólafsfjörður kl. 20.00 Siglufjörður kl. 20.30

**Fjarðabyggð**
Reyðarfjörður kl. 16.45, Eskifjörður kl. 20.00
Fáskrúðsfjörður kl. 20.00, Norðfjörður kl. 20.30, Stöðvarfjörður kl. 20.30

**Ísafjarðarbær**
Flateyri kl. 20.15, Þingeyri kl. 20.20, Suðureyri kl. 20.30, Ísafjörður kl. 20.30, Hnífsdalur kl. 20.30.

**Hornafjörður** kl. 20.30

Borgar Apótek
– Þín vegna

Þökkum góðar viðtökur!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Starfsfólk Borgar Apóteks

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331

## Jólasveinn og hákarl



**FÉKK SÉR FAR** Starfsmaður sædýrasafns í Tókýó, klæddur í jólasveinabúning, gerðist nú fyrir jólin svo djarfur að taka sér far smáspöl með hákarli einum til þess að skemmta gestum safnsins. Þessi hákarl er af tegund svonefndra sebrahákarla, en þeir þykja yfirleitt ekki hættulegir þótt þeir eigi til að bíta – og þá einmitt helst í aðstæðum sem þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Rafmagnið er orðið svo sjálfsagt að við tökum ekki lengur eftir því. Eins og ekkert sé skiptum við út myrkri og kulda fyrir notalega birtu og hlýju, fáum okkur kaffi og fyllum húsið af tónlist.

Þetta er allt náttúrunni að þakka og hvort sem við búum fyrir austan, vestan, norðan eða sunnan erum við öll tengd við náttúruna.

Orka náttúrunnar er nýtt fyrirtæki sem hefur tekið við rafmagnsframleiðslu og sölu frá Orkuveitu Reykjavíkur. Nú geta allir landsmenn notið þeirrar raforku sem Orka náttúrunnar framleiðir á ábyrgan hátt.

Við byggjum á traustum grunni en markmið okkar er enn betri þjónusta við öll þau heimili og fyrirtæki sem treysta á rafmagn frá okkur.

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# SKOÐUN

Stjórnarskiptin voru lítill viðsnúningur:

## Týnt tækifæri

Opið hagkerfi, greið milliríkjaviðskipti og alþjóðleg bandalög hafa verið lykillinn að velgengni margra ríkja, ekki sízt þeirra smærri. Víða í ríkjunum sem við berum okkur saman við ríkir nokkuð breið samstaða um utanríkis- og utanríkisviðskiptapólitíkina og það er ein forsenda stöðugleika í efnahagslífinu.

Ein ástæðan fyrir því að vinstristjórnin sem hrökklaðist frá völdum síðastliðið vor náði ekki þeim árangri sem hún ætlaði sér var að hún var innbyrðis ósammála um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og stefnuna gagnvart umheiminum.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið lentu í ógöngum vegna innbyrðis deilna í stjórninni og fyrir vikið áform um afnám gjaldeyrishafta. Deilur á stjórnarheimilinu stóðu sömuleiðis í vegi fyrir því að mótuð væri skýr stefna um eflingu erlendra fjárfestinga. Og þótt eini flokkurinn, sem hefur á stefnuskrá sinni róttæka uppstokkun á landbúnaðarkerfinu með ofurtollum sínum og viðskiptahindrunum, færi með stjórnarforystuna breyttist ekkert í þeim efnum.

Ein ástæðan fyrir því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem tók við völdum eftir kosningar hefur valdið mörgum í viðskiptalífinu vonbrigðum er að stefna hennar er að mörgu leyti sama marki brennd – og kannski var ekki við öðru að búast. Þessir flokkar hafa iðulega dregið fram þjóðernisíhaldið og tortryggnina gagnvart útlöndum hvor í öðrum.

Þannig stöðvaði stjórnin aðildarviðræðurnar við ESB. Þar með ýtti hún til hliðar eina raunhæfa planinu sem hefur komið fram um upptöku nýs gjaldmiðils og afnám gjaldeyrishaftanna. Ekkert hefur komið í staðinn. Gjaldeyrishöftin eru orðin mörgum fyrirtækjum fjötur um fót og leiða til þess að sum hátækni- og sprotafyrirtæki flytja höfuðstöðvar sínar og ýmsa starfsemi frá Íslandi. Við erum áfram með hvað mestar hindranir í vegi erlendra fjárfestinga af öllum vestrænum ríkjum. Í landbúnaðarpólitíkinni breytist ekki neitt.

Ef eitthvað er bætir nýja ríkisstjórnin um betur í eintrjáningshættinum með sínum „þjóðmenningarlegu“ áherzlum. Í huga forsætisráðherrans kemur hin séríslenzka „róttæka rökhyggja“ Framsóknarflokksins í stað ráðgjafar frá hinum og þessum skammstöfunum í hópi alþjóðastofnana. Framsóknarmenn eru klárari en sérfræðingar AGS og OECD.

Það er gott að hafa trú á sjálfum sér. Og margt hefur nýja ríkisstjórnin gert vel til að efla atvinnulífið og þar með byggja undir framtíðarlífskjör Íslendinga, til að mynda að byrja að létta af atvinnurekstri álögum og einfalda skatta- og lagaumhverfi hans. Það breytir ekki því að íslenzkt atvinnulíf þarf traustari alþjóðlega umgjörð, þar með talinn stöðugan, alþjóðlegan gjaldmiðil. Tækifærinu til að byggja upp slíkt umhverfi hefur nýja ríkisstjórnin vísvitandi týnt – og ekkert bendir til að hún hyggist leita að því á nýja árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Apótekarinn

lyf á lægra verði

Tilboð

á Nicorette QuickMist munnholsúða

**1.000 kr.** afsláttur af 1 stk. pakkningu

**1.600 kr.** afsláttur af 2 stk. pakkningu



Tilboðið gildir til 26. jan. 2014

Apótekarinn

Bíldshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi, Glæsibæ, Þverholti Mosfellsbæ og Hafnarstræti Akureyri

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lakur leki

Heimasíðan ljóst.is birti í gær fyrsta skammt sinn af gögnum um íslenska bankahrunið. Samtökin að baki síðunni kalla sig Associated Whistle-Blowing Press og birtu gögn um Glitni, þar á meðal upplýsingar um greiðslur til Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi bankastjóra bankans, og lán til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra. Gögnin fóru sem eldur í sinu um netheima og sló síðan upp gríðarlegum fjárhæðum sem fjármálaráðherrann átti að hafa fengið lánaðar. Ýmsir ruku upp til handa og fóta og slógu því föstu að Bjarni Benediktsson hefði fengið tæpa 6 milljarða króna að láni frá bankanum. Síðar kom í ljós að ekki var um skuldalista að ræða á síðunni heldur hlutafjárlista og að endingu var listinn tekinn út í upphaflegri mynd. Lítið nýtt virðist hafa komið fram í þessum gögnum, en greiðslur bankans fyrir Bjarna Ármannsson hafa legið ljósar fyrir síðan á árinu 2010. Pannig virðist sem þessi uppljóstrarasamtök hafi flogið aðeins of hátt strax í upphafi og var brotlendingin eftir því.



### Sakaðir um lygar

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra var að vonum ekki sáttur við hvernig hans málum var slegið upp á síðunni og þá sem trúðu því sem þar stóð eins og nýju neti. Bjarni skrifaði á Facebook-síðu sína að um væri að ræða ótrúlegar rangtúlkanir á gögnunum og viðbrögð við þeim hjá bloggurum sýna hve langt margir séu reiðubúnir að ganga til að koma höggi á þá sem þeir hafa skilgreint sem óvini sína. Bjarni segir: „Ábyrgðarmenn síðunnar hafa nú fjarlægt lygina um að ég hafi tekið milljarða að láni. Þeir segjast hins vegar standa fast á því að ég hafi verið 13. stærsti hluthafinn í bankanum fyrir hrun […]. Þetta er önnur lygin á tveimur dögum frá þessu fólki.“



Það verður spennandi að sjá hvort skammtur tvö af gögnum verður áreiðanlegri en hinn fyrsti.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sækjum fram, virkjum hugvitið

EFNAHAGSMÁL



**Guðlaug Kristjánsdóttir**

formaður Bandalags háskólamanna (BHM)

Vaxandi hópur Íslendinga býr ekki við húsnæðisöryggi. Margir þurfa að sætta sig við háa leigu fyrir lélegt húsnæði og árlega flutninga með þeim áhyggjum, umstangi og kostnaði sem því fylgir. Öllum ætti nú að vera ljóst að breyta verður áherslum í húsnæðismálum og koma á eðlilegum leigumarkaði.

### Lóðir og húsnæðisbótakerfi

Á síðasta kjörtímabili var unnin ný stefna í húsnæðismálum og umfangsmiklar tillögur mótaðar. Lykilatriðin í þeirri vinnu komu fram í þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi. Mikilvægustu aðgerðirnar að því markmiði eru tvær. Í fyrsta lagi að samfélagslega ábyrg húsnæðisfélög fái stuðning í formi t.d. lóða frá sveitarfélögum og ríkinu og í öðru lagi að komið verði á húsnæðisbótakerfi sem mismunar ekki leigjendum og kaupendum. Í dag er staðan sú að hjón á leigumarkaði fá varla húsaleigubætur ef þau eru bæði á vinnumarkaði en ef þau taka þá áhættu sem fylgir því að fjárfesta í húsnæði fá þau vaxtabætur. Þetta er ekki gott kerfi. Vinna að nýju húsnæðisbótakerfi var komin það langt fyrir kosningar að með póltískum vilja hefði verið hægt að samþykkja nýtt kerfi nú fyrir áramótin. Því miður var það ekki gert.

### Pólitískur vilji?

Ríkisstjórnin treysti sér ekki til að styðja þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar þrátt fyrir mikla ánægju umsagnaraðila. Ástæðan er sú að nýr félags- og húsnæðismálaráðherra er að vinna að málinu. Nú eru niðurstöður úr þeirri vinnu að líta dagsins ljós og þær eru algjörlega í takt við tillögur Samfylkingarinnar um eflingu leigumarkaðar.

Ástandið á húsnæðismarkaði mun bara versna ef stjórnvöld setja málið ekki í forgang. Samfylkingin skorar á ríkisstjórnina að setja lög um nýtt húsnæðisbótakerfi á vorþingi og setja aðra vinnu tengda leigumarkaði í algjöran forgang. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sýnt mikinn metnað í stefnumótun í húsnæðismálum og styður nýtt húsnæðisbótakerfi. Reykjavíkurborg hefur stigið skrefinu lengra og hafið umfangsmikla uppbyggingu á leiguhúsnæði. Mun ríkisstjórnin fylgja í kjölfarið?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Nýtt ár, nýtt upphaf?



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Hver hefur ekki gefið einhver loforð um bót og betrun á nýju ári? Hvort heldur sem það er að hætta að reykja, standa sig betur í skólanum, vinnunni eða verja meiri tíma með fjölskyldunni og þannig mætti lengi telja. Af hverju ætli fólk velji áramótin til að gefa stór loforð sem það á erfitt með að standa við? Er einhver tími betri en annar í því efni? Ég leyfi mér að efast um það, en ljóst er að við höfum óbilandi trú á okkur á síðasta degi ársins og ég ætla að trúa á ykkur!

Samviskubitið er stærsti þátturinn í því að okkur detta slík loforð í hug, eitthvað af því sem við erum að gera eða höfum gert veldur því að við finnum fyrir vanlíðan eða ástæðu til að breyta til. Yfirleitt er það hegðun eða vani sem við viljum breyta, fíkn eða ástand sem er óæskilegt og við vitum betur. Jafnvel er okkur bent á það reglulega að það gæti verið ástæða til þess af einhverjum sem okkur þykir vænt um og við viljum þóknast, hugsanlega bara samfélagslegur og ósýnilegur þrýstingur.

Megrun er dæmi um slíkt, alla jafna fyllast líkamsræktarstöðvarnar á nýju ári af pungsveittum (eða á öðrum stöðum) einstaklingum sem ætla svoleiðis að láta lóðin og hlaupabrettin finna fyrir því. En yfirleitt bara í svona eina og hálfa viku, þá eru þeir búnir að gleyma öllum stóru loforðunum. „Nenni þessu ekki,“ eru orð sem heyrast oft, iðulega eftir að hafa eytt síðustu aurunum áður en VISA-kortið lokast í árskort í einhverri stöðinni, „af því það borgar sig að kaupa árskort, maður sparar heilan helling“. Það er rétt ef viðkomandi myndi bara nota kortið!

**Bara smekksatriði**

Ekki ætla ég að gera lítið úr því að fólk fari í ræktina, síður en svo. Ég hvet daglega til hreyfingar í öllu formi, en ég legg áherslu á að endast og setja sér raunhæf markmið. Allt of margir eru „þöglir“ áskrifendur í ræktinni, sem er gott fyrir stöðvarnar, en slæmt fyrir viðkomandi. Ég hef verið svona „styrktaraðili“, hreyfði mig þó og gerði annað í leiðinni og var glaður að viðhalda starfsemi þeirra svo aðrir gætu notið…

Vandinn liggur í því að ákvörðunin um að setja 12 mánuði á kortið er auðveldari en raunverulega að gera eitthvað af viti og það er alls ekki nauðsynlegt að vera fastakúnni einhvers staðar til að hreyfa sig, eða stunda líkamsrækt. Það getur þó hjálpað til að vera í hóp og finna fyrir þrýstingi hans að hreyfa sig. Hópíþróttir eru dæmi um slíkt, ef þú mætir ekki á æfingu færðu að heyra í félögunum, hvort sem það eru „old boys“ eða alvaran sjálf. Það krefst meiri sjálfsaga að fara reglubundið einn og lyfta lóðum, en með tímanum skapast líka hópur þar sem dregur þig inn. Það er bara smekksatriði hvað fólki finnst. Aðalatriðið er að hreyfa sig reglubundið.

**Utanlandsferð í stað tóbaks**

Ykkur sem ætlið að hætta að reykja og áramótin vil ég hvetja sérstaklega! Það er nákvæmlega EKKERT sem styður það að viðhalda þeirri fíkn. Hættu að reykja, þú ert bara önug/ur á meðan á því stendur, í kjölfarið líður þér betur en áður og hefur ekki samviskubit yfir svo heimskulegri iðju sem reykingar eru. Sá sem reykir tekur oft engum rökum, því miður, nema ef vera skyldi fjárhagslegum og nú stefnir í það á nýju ári að tóbak verði dýrara en það hefur nokkru sinni verið hérlendis.

Sá sem reykir pakka á dag eyðir á nýju ári eitthvað á bilinu 35-40 þúsund krónum á mánuði. Það eru 420-480 þúsund á ári, hjá hjónum eru það gífurlegir fjármunir. Krakkar, þið sem lesið þetta og eigið foreldra sem reykja báðir pakka á dag, getið sagt þeim að það kostar minna að fara í 2 vikur til Orlando í Florida, gista á 4 stjörnu hóteli allan tímann, vera með meðalstóran bílaleigubíl, fara í alla Disney-garðana daglega og borða á veitingastað allan tímann en eiga samt afgang miðað við 4 manna fjölskyldu.

> Sá sem reykir pakka á dag eyðir á nýju ári eitthvað á bilinu 35-40 þúsund krónum á mánuði. Það eru 420-480 þúsund á ári, hjá hjónum eru það gífurlegir fjármunir.

Þetta er bara hugmynd, en það má gera ýmislegt fyrir 960 þúsund á ári. Disney í Orlando er líklega ekki það ódýrasta og val hverrar fjölskyldu hvert hún fer í frí eða eyðir peningunum sínum. En fyrir utan það að eiga aukapening er verið að fjárfesta í heilsunni til lengri tíma litið og slíkt er ekki hægt að meta til fjár!

***Gleðilegt nýtt ár og gangi ykkur allt í haginn.***

# Orð og efndir!



BARNAVERND
Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna

Á undanförnum árum hefur Ísland tekið miklum breytingum og óvissa hefur ríkt um það hvert við stefnum. Á þessum óvissutímum þurfum við að standa sérstakan vörð um hagsmuni barna, ekki síst vegna þess hversu takmörkuð áhrif þau geta haft í stjórnmálalegu tilliti. Sérstaða barna endurspeglast meðal annars í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands, en þar kemur fram að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Þetta ákvæði leggur ákveðnar skyldur á Alþingi og felur jafnframt í sér þá grundvallarstefnuyfirlýsingu að stjórnvöldum beri að veita börnum sérstaka vernd, umfram aðra þjóðfélagshópa.

Ennfremur hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til þess að virða og uppfylla ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem var lögfestur einróma af Alþingi hinn 20. febrúar síðastliðinn. Í Barnasáttmálanum kemur meðal annars fram að hagsmunir barna eigi ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með einum eða öðrum hætti. Í því felst meðal annars að ef hagsmunir barna og annarra þjóðfélagshópa vegast á eigi hagsmunir barna að hafa forgang. Þetta sjónarmið ætti til dæmis að hafa mikla þýðingu þegar teknar eru ákvarðanir um ráðstöfun opinbers fjármagns.

Að mati umboðsmanns barna hefur íslenska ríkið ekki staðið nægilega vel við skuldbindingar sínar gagnvart börnum og skort hefur upp á að hagsmunir barna hafi raunverulega haft forgang við ákvarðanatöku ríkisins undanfarin ár. Sem dæmi um það má nefna þann mikla niðurskurð og skerðingu á þjónustu sem hefur bitnað á börnum. Oft er þessi niðurskurður falinn, til dæmis þannig að stofnanir eða úrræði sem hafa veitt börn þjónustu breyta vinnureglum sínum þannig að fleiri og fleiri börn eigi ekki rétt á þjónustu. Niðurstaðan er sú að hópur barna sem þurfa aðstoð, til dæmis vegna fötlunar eða annarra sérþarfa, fær ekki þá þjónustu sem hann þarf.

**Óásættanlegt**

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af þeirri óvissu og óstöðugleika sem ríkt hefur um þjónustu og úrræði fyrir börn að undanförnu. Umboðsmaður hefur ítrekað fagnað ákvörðunum um bætta þjónustu við börn sem hefur svo aldrei komið til framkvæmda eða aðeins að takmörkuðu leyti. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld lýstu því yfir að byggja ætti upp nýtt úrræði fyrir börn sem eiga við alvarlegan vímuefnavanda að stríða eða hafa sýnt af sér afbrotahegðun, en nú hefur velferðarráðuneytið staðfest að það standi ekki til vegna skorts á fjármagni.

> **➜ Umboðsmaður barna telur það óásættanlegt þegar Alþingi og stjórnvöld standa ekki við þær skuldbindingar sem búið er að samþykkja, sérstaklega þegar um er að ræða úrræði í þágu barna. Við þurfum að geta treyst því að þær ákvarðanir sem eru teknar muni standa þannig að óvissa ríki ekki um málefni barna.**

Í sumum tilvikum hafa lög jafnvel verið samþykkt en þau svo dregin til baka áður en þau taka gildi. Dæmi um það eru lög um lengingu fæðingarorlofs og lög um úrræði fyrir börn sem geta ekki búið heima hjá sér vegna vanrækslu. Umboðsmaður barna telur það óásættanlegt þegar Alþingi og stjórnvöld standa ekki við þær skuldbindingar sem búið er að samþykkja, sérstaklega þegar um er að ræða úrræði í þágu barna. Við þurfum að geta treyst því að þær ákvarðanir sem eru teknar muni standa þannig að óvissa ríki ekki um málefni barna.

Umboðsmaður barna hefur ítrekað komið ofangreindum áhyggjum sínum á framfæri við þingmenn og stjórnvöld. Hann mun halda því áfram og vonar að ráðamenn fari að lögum og hafi hagsmuni barna að leiðarljósi. Þegar metið er hvað er börnum fyrir bestu er sérstaklega brýnt að börn fái tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, enda eiga börn rétt á að tjá sig um öll mál sem þau varða samkvæmt Barnasáttmálanum.

Setjum hagsmuni barna í forgang eins og okkur ber skylda til að gera.

# Um lýðskrumara



KJARAMÁL
Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Samningsrétturinn er í höndum sérhvers stéttarfélags. Verkalýðsfélagið á Akranesi, félögin í Vestmannaeyjum og í Þingeyjarsýslum – svo nokkur dæmi séu nefnd – fara alfarið sjálf með þennan rétt fyrir hönd félagsmanna sinna. Þau geta hvert í sínu lagi, sjálf og ein, án nokkurra afskipta annarra, efnt til átaka til þess að félagsmenn sæki fyllri rétt en býðst. Ekkert „yfirvald“, hvorki Alþýðusambandið né Starfsgreinasambandið, getur tekið frá þeim þennan rétt.

**Í þeirra valdi**

Forystumenn þessara félaga ákváðu sjálfir að afhenda samningsrétt félaganna í hendur sameiginlegs vettvangs þeirra í Starfsgreinasambandinu. Það gátu þeir gert án þess að sækja til þess leyfi til nokkurs annars aðila en sjálfra sín. Með sama hætti gátu þessir sömu forystumenn sótt samningsréttinn aftur til Starfsgreinasambandsins hvenær sem þeim svo þóknaðist án þess að sækja til þess leyfi til nokkurs annars aðila en sjálfra sín. Það gátu þeir gert hvenær sem var væru þeir ósáttir við hvert félagar þeirra í Starfsgreinasambandinu væru að leita í viðræðum sínum við Samtök atvinnulífsins. Sjálfir áttu þessir forystumenn umræddra félaga sæti í stóru samninganefnd Starfsgreinasambandsins, sátu í Karphúsinu, vissu nákvæmlega með sama hætti og allir aðrir þar í hvaða niðurstöðu stefndi og gátu hvenær sem var allt þar til búið var að binda niðurstöðuna með undirskriftum tekið samningsrétt félaga sinna úr höndum samninganefndarinnar til þess að gera betur sjálfir.

**Leiðum lokað**

Ekkert af þessu gerðu þau. Vilhjálmur Birgisson og þau hin horfðu þvert á móti ekki þegjandi en gersamlega aðgerðarlaus á þegar félagar þeirra í Starfsgreinasambandinu bundu með undirskriftum sínum félög þeirra ásamt öðrum félögum, sem látið höfðu sjálfviljug af hendi samningsréttinn en gátu sótt sér hann aftur hvenær sem var yrði það gert áður en undirskriftirnar voru komnar á pappírinn. Þá fyrst þegar svo var komið voru rekin upp öskur fordæmingar og hneykslunar yfir svikum við verkalýðinn. Þá fyrst, þegar þau höfðu með aðgerðarleysi sínu látið undir höfuð leggjast að sækja aftur til sín samningsumboð félaga sinna og komið þannig í veg fyrir að þau sjálf væru látin sæta ábyrgð gerða sinna og sinna stóru orða. Þá fyrst töldu þau tímann vera orðinn réttan til þess að ráðast að félögum sínum í verkalýðshreyfingunni með svikabrigslum og stóryrðum um eigið göfugt innræti. Þá fyrst, þegar þau höfðu lokað öllum leiðum sjálf til þess að verða látin standa ábyrg eigin orða með eigin verkum.

> **➜ Skrumarar þrífast á því að fá að standa í kastljósi fjölmiðla og fá þar að fara með textann sinn, sem ávallt snýst um eigið ágæti en illan ásetning allra annarra.**

**Skrumarar**

Skrumarar þrífast á því að fá að standa í kastljósi fjölmiðla og fá þar að fara með textann sinn, sem ávallt snýst um eigið ágæti en illan ásetning allra annarra. Þar eru þeir aldrei spurðir gagnrýninna spurninga, enda hafa þeir yfirleitt ekki nokkra getu til þess að svara af skynsömu viti. Ekki nokkra minnstu getu. Miklu verra er þó þegar vitibornir fjölmiðlamenn eins og Egill Helgason fara að gera þeirra málflutning í óskyldustu efnum að sínum. Stundum er það að vísu vegna mismunandi mikið dulinna vörslu eigin hagsmuna. Oftar þó ekki. Oftar bara vegna þess að það er svo auðvelt að smíða sökudólga úr öðru fólki. Svo auðvelt að kynda elda reiðinnar. Svo auðvelt að kynda þá elda – undir öðrum.

Sunddeild Ármanns
**Barnasund**
Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára
hefst Fimmtudaginn 17.janúar
í Árbæjarlaug
**Ungbarnasund**
Námskeiðið hefst 4 febrúar 2013 í Árbæjarlaug.
Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00
í síma 557-6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com
stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

# „VIÐ GLEÐJUMST NÚ Á GÓÐRI STUND“




**Icelandair þakkar samfylgdina á árinu sem er að kveðja**

Við þökkum ykkur viðskiptin á árinu og hversu vel og vinsamlega þið tókuð á móti erlendum ferðamönnum sem heimsóttu landið okkar. Okkar bestu óskir um farsælt nýtt ár. Við hlökkum til að taka flugið með ykkur á nýju ári.




Vertu með okkur

ICELANDAIR

# ÁRIÐ 2013 SÉÐ MEÐ AUGUM HALLDÓRS BALDURSSONAR




































# Gleðilegt nýtt ár




## Uppskrift að ánægjulegum áramótum:

## Allir með öryggisgleraugu

og enginn í skotlínunni þegar kveikt er í flugeldunum

Öryggisakademían er samstarfsverkefni
Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Sjóvár

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

SJÓVÁ


ÞETTA ERU BARA ÓGISSLEGA TÖFF GALLABUXUR OG ÉG KREFST ÞESS AÐ RÁÐIN VERÐI ÓHÁÐ TÍSKU-LÖGGA Á RÚV!
HEYR!
ESB


KOSNINGA LOFORÐ


Í ALVÖRU INGÓLFUR. AF HVERJU ERUM VIÐ HÉR? ÞÚ HEFÐIR GETAÐ FUNDIÐ KANARÍEYJAR.


ALLAR BORGIR ÆTTU AÐ FÁ SINN REYKJAVÍKURFLUGVÖLL!
ÆÐISLEGT! NÚ ÞARF MAÐUR ALDREI AFTUR AÐ KEYRA Í 45MÍN. ÚT Á FLUGVÖLL.




NÆSTSTÆRSTI HAFTAMÚR Í HEIMI GEGN ERLENDUM FJÁRFESTINGUM
JÚ ÓKEY. ÞEIRRA ER AÐEINS STÆRRI. ...ENNÞÁ.


BJARNI, ÁTTI ÉG EKKI AÐ VERA MÁLSVARI FRJÁLSRAR SAMKEPPNI ÁN HAFTA, OG EINSTAKLINGS OG ATVINNUFRELSIS MEÐ MINNKANDI RÍKISFORSJÁ?
ÞEGIÐU BJARNI
ÞEGIÐU BJARNI
ÞEGIÐU BJARNI SVO ÉG HEYRI HVAÐ LUKKU LÁKA FINNST.


KRÆST!! AUGLÝSING FRÁ BAKARAMEISTARANUM Á HELGUSTU STUND ÍSLENSKRAR KNATTSPYRNUSÖGU


ALDREI BJÓST ÉG VIÐ AÐ ÞEIR TÆKJU ÓMAR RAGNARSSON. ÞAÐ VIRKAR BARA SVO ...ÓRAUNVERULEGT.


FÓLK AÐ SKUTLA KRÖKKUM Á ÆFINGU
AÐRIR


HÆ, ÉG HEITI GUNNAR BRAGI SVEINSSON. GET ÉG FENGIÐ FAR?


HALLÓ! HALLÓ!?
HALLÓ NEYÐARLÍNAN?! ÞAÐ HEYRIST EKKERT Í SÍMANUM MÍNUM OG ÉG ÁTTI AÐ FÁ STYRK FRÁ ÚTLÖNDUM... – HALLÓ HEYRIR EINHVER Í MÉR? HALLÓ?


Upp með fjörið!
Troðfullir sölustaðir um allt land.
Aldrei meira úrval.
MAGNAÐIR BARDAGAR!
RISA RAKETTUR
KAKA ÁRSINS
KRAKKA PAKKAR
FRÁBÆRIR FJÖLSKYLDU PAKKAR 6 STÆRÐIR
NÝIR FLOTTIR KAPPAR
Sölustaðir okkar eru opnir til kl. 16 í dag.
ÖRYGGIS AKADEMÍAN
NOTUM ALLTAF FLUGELDAGLERAUGU
-bæði börn og fullorðnir
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
www.flugeldar.is
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG



**UPPVAKNINGAR** Mörgum brá í brún í lok janúar þegar þeir mættu uppvakningum á Hlemmi. Það voru starfsmenn bandaríska sendiráðsins með Luis Arreaga sendiherra í broddi fylkingar sem höfðu brugðið á leik og vildu ná sambandi við íslenska uppvakninga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GÖNGIN LENGJAST** Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng eru á áætlun en byrjað var að sprengja fyrir þeim í júní. Um 40 manns vinna við göngin Eyjafjarðarmegin á vöktum allan sólarhringinn og eru göngin nú orðin tæplega 1,5 km að lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**KONUNGLEG HEIMSÓKN** Margrét Þórhildur Danadrottning hitti Ólaf Ragnar Grímsson forseta. Drottningin var viðstödd hátíðahöld í tilefni 350 ára fæðingarafmælis Árna Magnússonar í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NÝR SEÐILL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri hampar glænýjum 10 þúsund króna seðli sem settur var í umferð í október. Seðillinn er tileinkaður Jónasi Hallgrímssyni og á honum er að finna vísanir í störf Jónasar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á SAKAMANNABEKK** Stefán Logi Sívarsson, Gísli Þór Gunnarsson, Stefán Blackburn og Davíð Freyr Magnússon voru ákærðir fyrir stórfelldar líkamsárásir og líflátshótanir. Mál á hendur fjórmenningunum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skotárás og ný ríkisstjórn

Eitt af því sem er minnisstætt frá árinu 2013 er fullnaðarsigur Íslendinga í Icesave-málinu. EFTA-dómstóllinn úrskurðaði að ekki yrði tekið neitt tillit til krafna ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, eða Breta og Hollendinga. Dómurinn var endanlegur. Ný ríkisstjórn tók við völdum í byrjun sumars. Meðalaldur ráðherranna er sá lægsti á lýðveldistímanum. Síld drapst í Kolgrafafirði og olli umhverfismengun. Hrottafengin líkamsárásarmál komu upp og undir lok ársins lést maður í fyrsta sinn á Íslandi í skotbardaga við lögreglu.



**FERNANDA BRENNUR** Varðskipið Þór með flutningaskipið Fernöndu í togi á leið út úr Hafnarfjaðarhöfn. Mikil hætta skapaðist í höfninni í byrjun nóvember þegar Fernanda logaði þar stafnanna á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# 610 HAMINGJUÓSKIR

Við færum 610 nýjum Chevrolet eigendum sérstakar hamingjuóskir. Jafnframt óskum við þeim, sem og landsmönnum öllum, gæfu og gengis á komandi ári.

Starfsfólk Bílabúðar Benna



**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*



**SÖGUFRÆG HANDTAKA** Hraunavinir mótmæltu vegaframkvæmdum í Gálgahrauni af krafti í október. Lögregla var kölluð til. Hún handtók mótmælendur og sést hér bera einn frægasta náttúruverndarsinna landsins, Ómar Ragnarsson, af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BLÓÐSLÓÐ** Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð að fjölbýlishúsi við Hraunbæ nótt eina í desember. Þar hafði tæplega sextugur maður skotið af byssu út um glugga. Skot flugu milli mannsins og lögreglunnar í nokkra klukkutíma. Að lokum var maðurinn yfirbugaður og lést hann af sárum sínum. Þetta er í fyrsta og eina sinn sem lögregla hefur banað manni með skotvopni hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**FULLNAÐARSIGUR** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ásamt Tim Ward, aðalmálflutningsmanni Íslands í Icesave-málinu, í lok janúar. Gleði Össurar var fölskvalaus þegar það lá fyrir að Íslendingar höfðu unnið fullnaðarsigur fyrir EFTA-dómstólnum. Öllum kröfum ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, Breta og Hollendinga var hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í SÍLD** Grunnskólabörn í Grundarfirði tíndu 30 tonn af dauðri síld í Kolgrafafirði og seldu í loðdýrafóður. Krakkarnir fengu átta krónur fyrir kílóið. Það sá þó ekki högg á vatni en áætlað er að rúm 20 þúsund tonn af síld hafi drepist í firðinum í byrjun febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HORFT TIL FRAMTÍÐAR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skrifuðu undir nýjan stjórnarsáttmála á Laugarvatni í júní. Þeir sögðu sáttmálann marka nýtt upphaf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**AFSÖKUNARBEIÐNI** Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, baðst afsökunar fyrir hönd fyrirtækisins í nóvember eftir að upp komst að tölvuþrjótar höfðu stolið gögnum um viðskiptavini fyrirtækisins og birt á netinu. Meðal þess sem birtist á netinu voru viðkvæmar persónuupplýsingar um viðskiptavini Vodafone. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## GRAND CANYON



## TÆLAND



## MADEIRA



## LÚXUS SIGLINGAR



## MIÐ-EVRÓPU



## ÍTALÍA



## DANS OG JÓGA | ALBÍR




## AUSTURRÍKI



## SUMARTÓNAR MEÐ DIDDÚ



## UNG Á ÖLLUM ALDRI



Fleiri glæsilegar sérferðir verða í boði á árinu 2014.

Meðal þeirra eru gönguferðir, útivist og menning, rútuferðir, ævintýraferðir, siglingar og margt fleira.

Fylgist með á urvalutsyn.is

- Gleðilegt ferðaár!

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGI | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

# Gæfuríkt ár

Árið 2013 var metár í útgreiddum vinningum og því afskaplega gæfuríkt fyrir viðskiptavini Happdrættis Háskóla Íslands. Við óskum vinningshöfum til hamingju, þökkum viðskiptavinum ómetanlega tryggð og samfylgd gegnum árin og óskum landsmönnum öllum gleði og gæfu á nýju ári.



PIPAR\TBWA • SÍA • 133793

## 800 milljónir

hafa runnið til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækjakaupa og eflingar rannsóknarstofa Háskóla Íslands, á hverju ári að meðaltali undanfarin 20 ár. Á 80 árum hefur Happdrætti Háskóla Íslands átt stóran þátt í uppbyggingu háskóla í fremstu röð og fjármagnað 22 byggingar skólans. Blómstrandi samfélag vísinda og fræða nýtur góðs af á hverjum degi.

## 150 milljónir

í formi leyfisgjalds, renna auk þess árlega til Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, sem ætlað er að treysta stoðir íslensks þekkingarsamfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.


HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings
HAPPA
PRENNAN
Gullnáman
HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# MYNDAGÁTA FRÉTTABLAÐSINS 2013






## SKILAFRESTUR TIL 13. JANÚAR

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum.

Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða á netfangið myndagata@frettabladid.is.

Dregið verður úr réttum lausnum og í vinning er gjafakort fyrir tvo á sýningu í Borgarleikhúsinu. Lausnum skal skilað í síðasta lagi 13. janúar 2014.



## GENGIÐ TIL KIRKJU

**Fyrsta ganga á nýju ári hjá ferðafélaginu Útivist verður í Þorlákshöfn á sunnudaginn, 5. janúar. Farið verður frá Þorlákskirkju upp að Hjalla í Ölfusi en núverandi kirkja þar var vígð árið 1928. Vegalengd 12 km. Farið er frá BSÍ kl. 9.30.**

SIGURÐAR HÁKONARSONAR




DANSNÁMSKEIÐ
STANDARD - SUÐUR-AMERÍSKIR DANSAR - BARNADANSAR - ZUMBA
FYRIR FULLORÐNA, UNGLINGA OG BÖRN, BYRJENDUR OG FRAMHALD
Starfsmanna- og stéttarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða. Frístundakort og niðurgreiðsla hjá Sveitarfélögum.
Innritun og upplýsingar í síma 564 1111 - www.dansari.is
DANSSKÓLI SIGURÐAR HÁKONARSONAR
Dansíþróttafélag Kópavogs - AUÐBREKKU 17 KÓPAVOGI

www.super-flugeldar.com
Super - Flugeldar
SÚPER KAUPAUKI
Þú verslar fyrir 10.000 - 20.000 og færð 20% í kaupauka.
Þú verslar fyrir 20.000 - 30.000 og færð 25% í kaupauka.
Þú verslar fyrir meira en 30.000 og færð 30% í kaupauka.
Dæmi: Jón verslar fyrir 22.000 kr.- og fær aukalega vörur fyrir 5500 kr.-
Gildir ekki með öðrum tilboðum
FRÁBÆRT ÚRVAL AF GLÆSILEGUM TERTUM!



Sölustaðir okkar eru:
KÓPAVOGUR
Ögurhvarf 2
AKRANES
Kjaransstaðir Hvalfjarðarsveit
www.super-flugeldar.com

# FÓRSTU YFIR STRIKIÐ?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Er ekki kominn tími á hreingerningu í líkamanum? KONJAK inniheldur frábærar náttúrulegar trefjar sem hjálpa meltingunni og flýta fyrir þyngdartapi ásamt krómi sem hjálpar til við að slá á sætuþörfina.*



KONJAK
Eykur þyngdartap um allt að 60%.

Eftir allan góða matinn og hvíldina um jólin eru margir farnir að hlakka til þess að taka til hendinni í líkamanum í janúar; koma meltingunni í lag og létta sporin. KONJAK inniheldur náttúrulegu trefjarnar glucomannan sem eru þær fyrstu sem sérfræðingar EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu) hafa viðurkennt sem fæðubótarefni sem raunverulega flýtir þyngdartapi.

Glucomannan-trefjarnar eru unnar úr konjak-plöntunni sem vex í Asíu. Þær eru vatnsuppleysanlegar og geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni.



Þegar töflurnar leysast upp í maganum myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddutilfinningu og þess vegna getum við ekki borðað sama magn og áður. KONJAK jafnar einnig blóðsykur og hefur einstaklega góð áhrif á meltinguna.

**EKKI GLEYMA AÐ BORÐA!**
Það er mikilvægt að borða reglulega og muna eftir millimáltíðunum. Betra er að borða 6 smáar máltíðir yfir daginn en 3 stórar. Ef ekki er borðað reglulega er hætta á að blóðsykurinn falli sem leiðir til þess að sætuþörfin tekur völdin. KONJAK inniheldur króm sem hjálpar til við að slá á sætuþörfina. Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg. Það skiptir miklu máli að fá hvatningu í þessu ferli og KONJAK virkar svo sannarlega hvetjandi.

## NOTKUN

**KONJAK**-töflurnar eru teknar inn 30 mínútum fyrir hverja af þremur aðalmáltíðum dagsins ásamt 1-2 glösum af vatni. Dagsskammturinn er 2 töflur þrisvar á dag.

**KONJAK** fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is.**




**VELLÍÐAN** Jafnar blóðsykur og slær á sykurþörf.



Stuðnings-stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



## EITT EPLI Á DAG KEMUR HEILSUNNI Í LAG

**Eitt epli á dag getur gert mikið fyrir heilsuna. Samkvæmt nýrri breskri könnun getur fólk sem orðið er 50 ára og eldra komið í veg fyrir hjartasjúkdóma með því að borða eitt epli á dag. Þar með sannast frægt breskt orðatiltæki, „an apple a day keeps the doctor away“.**

**Könnunin var gerð hjá Oxford-háskóla og var opinberuð í breska læknablaðinu, British Medical Journal. Vísindamenn segja að ef allir Bretar yfir 50 ára færu eftir þessari ráðleggingu gæti það komið í veg fyrir um 8.500 hjartaáföll.**

**Fleiri rannsóknir hafa sýnt að með því að borða ávexti og grænmeti á hverjum degi er hægt að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma. Epli og aðrir ávextir koma jafnvægi á blóðþrýsting en ef hann er hár eykur það mjög hættu á hjartaáfalli. Eitt epli ætti því að vera millibiti á hverjum degi.**

**Í fyrra var upplýst eftir könnun sem gerð var hjá háskólanum í Ohio í Bandaríkjunum að fólk sem borðaði eitt epli á dag í fjórar vikur minnkaði vont kólesteról í blóði um 40%. Dönsk könnun hafði áður sýnt það sama.**

**Mælt er með því að fólk sem vill taka upp heilsusamlegt mataræði borði að minnsta kosti 500 grömm af grænmeti, ávöxtum og berjum á hverjum degi.**



# FRÍSK HÚÐ EFTIR JÓLIN

**HEILSA** *Lystisemdalíf jóladaganna getur sett mark sitt á húðina, sérstaklega ef við skóflum í okkur miklu af súkkulaði og söltum mat. Frískaðu upp á andlitið með einföldum heimatilbúnum skrúbbi.*



**1. HREINSIKREM + SYKUR**

Þvoið andlitið vel með volgu vatni og þvottaklút. Kreistið um það bil teskeið af hreinsikremi í lófann. Í raun má nota hvaða krem sem er bara ef það er mjúkt. Hellið tveimur teskeiðum af sykri út í kremið og blandið saman með höndunum. Ekki nota grófan sykur þar sem of stór korn geta rispað húðina.

Nuddið blöndunni á andlitið með hringlaga strokum. Strjúkið svo af með rökum þvottaklút. Að endingu er gott að skola andlitið með köldu vatni.

**2. GRÆNT TE + SYKUR + HUNANG**

Hellið upp á sterkt grænt te. Notið laust te frekar en te í pokum og án bragðefna. Grænt te er sagt græðandi fyrir húðina og eins á það að minnka hrukkur sé það borið á húðina.

Hellið tveimur matskeiðum af grænu tei í skál og kælið. Hellið matskeið af sykri út í teið og bætið við sykri þar til blandan er þykk en þó auðveldlega hægt að bera hana á andlitið. Hrærið matskeið af hunangi út í en hunang er bæði rakagefandi og bakteríudrepandi. Hægt er að útbúa þetta skrúbb í meira magni og geyma í hreinu, loftþéttu íláti á svölum og þurrum stað í eina til tvær vikur.

**3. KÓKOSOLÍA + SYKUR + SÍTRÓNA**



Hellið hálfum bolla af kókosolíu í skál. Einnig er hægt að nota ólífuolíu eða möndluolíu en grænmetisolíur ætti ekki að nota þar sem þær eru of lyktsterkar.

Bætið tveimur matskeiðum af sykri í skálina og hrærið í. Bætið þá einni matskeið af sítrónu safa út í og hrærið. Þetta skrúbb er einnig hægt að geyma í loftþéttu íláti í eina til tvær vikur.

**4. MÖNDLUMJÖL + OLÍA + ILMKJARNAOLÍA**

Hellið einum bolla af möndlumjöli í skál. Möndlumjöl er einfalt að búa til úr heilum möndlum í matvinnsluvél. Passið bara að mauka það ekki alveg í mjólk.

Blandið hálfum bolla af möndluolíu út í möndlumjölið í skálinni. Einnig má nota ólífuolíu eða kókosolíu í staðinn. Blandið nokkrum dropum af ilmkjarnaolíu út í, til dæmis lavender eða lemon.

Þessi geymist einnig í eina til tvær vikur í loftþéttu íláti á þurrum, köldum stað.

**5. KAFFIKORGUR**

Hellið upp á kaffi eða notið korginn frá síðustu uppáhellingu. Blandið matskeið af kaffikorgi saman við matskeið af vatni og hrærið vel saman. Berið á andlitið og nuddið með hringlaga strokum. Skolið andlitið.

**6. JÓGÚRT**



Hreinsið andlitið með volgu vatni og sápu og þerrið. Berið síðan hreina jógúrt á andlitið og látið bíða í 15 mínútur. Þvoið svo af og skolið andlitið með köldu vatni. Uppskriftirnar eru fengnar af wikihow.com.



**HEIMASKRÚBB**
Frískaðu upp á húðina eftir allan salta og reykta matinn um jólin með heimatilbúnu skrúbbi.
NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



10 ára

2003-2013

**Gengur vel ehf.**




# Góð liðheilsa gulli betri!

# Gangið ljúft inn í nýtt ár 2014

## **Gengur vel ehf og NutriLenk** óska landsmönnum góðrar liðheilsu á nýju ári en fyrst og fremst birtu og hamingju!

Þökkum fyrir viðskiptin og allar frábæru frásagnirnar á liðnum árum.



















Skráðu þig á facebook síðuna **Nutrilenk fyrir liðina**

www.gengurvel.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 53 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Rnr.140789. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Rio. Árgerð 2013, ekinn 31 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.990639. 6.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Ceed w/g lx 1.4 dísel beinsk . Árgerð 2013, ekinn 20 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.090.000. Rnr.990640. 6.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## 500-999 þús.



**ÚTSALA 290 ÞÚS!**

Citroen Xsara Picasso 1,8 árg'00 skoðaður 14, beinskiptur, mjög rúmgóður bíll sem eyðir litlu, verð áður 480 þús LÆKKAÐ TILBOÐSVERÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vis/euro s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is




## Rafvirkjun

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Karnival Ísland
Sími 824 3698
karnivalisland@gmail.com




## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Antík

Stokkabelti, 60 ára gamalt til sölu. Tilboð óskast í s.8678781

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Fullbúin herbergi til leigu í hverfi 104. Verð 55 þús á mán. Tilvalin f. námsfólk. Uppl. í s. 8465237 milli 13-18.

Stúdíó herbergi á Háteigsveginum m/ sér inngangi, salerni og baði. Innifalið internet. Laus strax, leigist aðeins skilv./reglusömum. Reykl. Einstaklingi. Uppl. í s. 822 3866.

Til leigu 3ja herb. 75fm íbúð í 250 Garði. Uppl. sendist á jag@internet.is

## Húsnæði óskast

Konu vantar einstaklings eða tveggja herbergja íbúð m/ GEYMSLU. Greiðslugeta 100-120 þús. Langtímaleiga. S. 551 4421 & 663 4421

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Söluturn á Höfuðborgarsvæðinu leitar eftir skemmtilegu og vinnusömu starfsfólki til starfa í hlutastörf (helgar og kvöldvinna). 18 ára lágmarks aldur og reyklausir einstaklingar skilyrði. Starfsreynsla í söluturni æskileg. Umsóknir með ferilskrá skal senda á: thjonusta@365.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynl.sögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999


Barnaheill
Save the Children á Íslandi






*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
EIGNAMIÐLUN
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is






Gleðilegt nýtt ár
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



Skaginn

**Skaginn hf. á Akranesi er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og smíði á búnaði fyrir matvælaiðnaðinn. Fyrirtækið óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður vegna góðrar verkefnastöðu.**

**Málmiðnaðarmenn**
- Rennismiði sem eru vanir að vinna við tölvustýrð tæki.
- Málmiðnaðarmenn sem eru vanir að vinna úr ryðfríu stáli.
- Aðstoðarmenn sem eru vanir að vinna úr ryðfríu stáli.

*Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við Svein R. Ingason verkstjóra í síma 896-0182 eða í netfangið svenni@skaginn.is.*

**3D - hönnuður**
- 3D - hönnuð sem hefur reynslu af 3D hönnun í Inventor.

Starfið felst í hönnun á búnaði úr ryðfríu stáli fyrir matvælaiðnaðinn.

*Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við Ingólf Árnason framkvæmdastjóra í síma 897-1403 eða í netfangið ingolfur@skaginn.is.*

Skaginn hf. | Bakkatúni 26, 300 Akranes | Sími: 430-2000 | www.skaginn.is

# Kalda stríðið er enn í gangi

Bókmenntafræðingnum **Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur** og grínistanum **Dóra DNA** eru þingkosningarnar í apríl ofarlega í huga þegar þau líta yfir árið sem senn er liðið. Þau eru hins vegar nokkuð ósammála um gildi knattspyrnulandsliðsins.

**Á RÖKSTÓLUM**

**Kjartan Guðmundsson**
kjartan@frettabladid.is

Rökstólarnir hefjast ávallt á því að forvitnast um hvað parið veit hvort um annað.

**Dóri:** „Ég veit að þú hefur verið mikið í bókaskrifum og útgáfu og við höfum verið saman í drykkjusamsætum í tengslum við Auði frænku mína, en svo rekur mig í rogastans.“

**Þórunn:** „Ég veit allt um þig! Eitt af þessum samsætum sem þú minnist á var í Kaupmannahöfn. Mig minnir að þú hafir verið um fermingu og ég aðeins eldri og þú leiddir okkur um næturlíf borgarinnar. Við fórum eftir öllu sem þú sagðir, til dæmis úrskurðaðir þú að á einum staðnum sem við fórum inn á væru eintómir „nöllar“ og þess vegna yfirgáfum við hann strax.“

**Dóri:** „Einmitt! Þetta var á Norðurbrú með einhverjum hópi skálda, þér, Eiríki Norðdahl, Steinari Braga og fleirum.“

**Þórunn:** „Svo veit ég að þú ert uppistandsgrínisti og við hittumst einu sinni á flugvelli í Búlgaríu.“

### Föst í raðmorðingjamynd

*Hvað stendur upp úr þegar þið lítið yfir árið?*

**Dóri:** „Ég er dálítið hræddur um að við verðum svona eins og tveir vinstrisinnaðir menningarvitar þegar við sitjum hérna og kjömsum á árinu sem er að líða. Fattarðu?“

**Þórunn:** „Ég fatta.“

**Dóri:** „Ég átta mig ekki alveg á því hvort kosningarnar eru það sem stendur upp úr eða hvað? Eru þetta ekki bara sömu gömlu valdaskiptin í lýðræðisþjóðfélagi? Nú fá þeir fjögur ár og ætla bara að gera allt! Þessir flokkar sem sitja um borgarstjórnina eru að hugsa nákvæmlega það sama og ætla að breyta öllu sem hinir gerðu. Það vantar allt jafnvægi. Það má ekki bara breyta öllu alltaf þegar einhver nýr tekur við.“

**Þórunn:** „Kosningarnar eru það fyrsta sem kemur upp í huga minn. Ég ætla að vera vinstrisinnaði menningarvitinn og segja að í aðdraganda kosninganna, þegar skoðanakannanir sýndu í hvað stefndi og við sáum fylgi Framsóknar stíga, leið mér eins og ég væri að horfa á hryllingsmynd með raðmorðingja sem gengur laus.“

**Dóri:** „Morðingja sem færist nær og nær.“

**Þórunn:** „Já, og í svona bíómyndum er það yfirleitt einhver kona sem þvælist ofan í dimman kjallara og mann langar til að öskra á hana að passa sig. En svo æðir hún auðvitað beint í ginið á morðingjanum. Ég held að við séum á vissan hátt í gini morðingjans núna og erum að súpa seyðið af þessu.“

**Dóri:** „Ég get sýnt öllum stjórnmálaflokkum skilning. Ég var einu sinni í VG að borða sveppasúpu og í lopapeysu í ritstjórn U-beygjunnar og svo var ég líka samfylkingarmaður og hafði áhuga á norrænum jöfnuði og öllu þessu, en veistu hvað? Ef ég ætti að velja myndi ég alltaf fara í partí hjá Sjálfstæðisflokknum. Þeir kunna á partíin og eru bara með hvítvín og humar.“

**Þórunn:** „Eins og frægt er orðið.“

**Dóri:** „Mér finnst hinn nýi sjálfstæðismaður dálítið spennandi týpa, en svo næ ég bara ekki neinum tengslum við Framsókn. Það er sama hvar ég reyni að staðsetja mig gagnvart framsóknarpólitík, ég enda alltaf á að spyrja: Finnst ykkur þetta í alvöru?“



**RÖKSTÓLAR** Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Dóri DNA vilja bæði hætta við þátttöku í Eurovision á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Þórunn:** „Ég hef verið að leita að fólki sem kaus Framsókn. Annað slagið spyr ég fólk en það kannast enginn við að hafa gert það. Mér skilst að svona sé þetta líka á Ítalíu. Enginn kannast við að kjósa Berlusconi en svo er hann alltaf kosinn.“

**Dóri:** „Einmitt, eins og enginn viðurkennir að borða McDonald‘s en svo seljast samt milljarðar hamborgara á hverjum degi. En er ekki bara síbylja að tuða um Framsókn? Mér fannst þessar skuldaniðurfellingartillögur bara flottar hjá þeim, ágætis pólitík og komið til móts við marga. Svo var skemmtilegur bragur á þessu þarna í Hörpu. Ég var alltaf að bíða eftir því að kynna einhvern eins og Bono á sviðið til að syngja tillögurnar ofan í okkur.“

**Þórunn:** „Margt er nú mjög skrýtið, eins og varðandi þróunaraðstoðina.“

**Dóri:** „Já, það er auðvitað bara geðbilun.“

**Þórunn:** „Þegar manni krossbregður í hvert sinn sem maður opnar fréttamiðil getur leiðin væntanlega bara legið upp á við.“

### Hreinleiki og úrkynjun

*Brá ykkur þegar fréttir bárust af svínshausunum sem var dreift á lóð Félags múslima á Íslandi nú í nóvember?*

**Bæði:** „Þetta var ógeðslegt.“

**Dóri:** „Ég veit ekki af hverju þessum mönnum var refsað, fyrst það var svona ljóst hverjir voru að verki. Og ótrúlegt hvað þessir menn eru glaðir með að básúna þessar fáránlegu skoðanir sínar, að moskur séu útungunarstöðvar fyrir hryðjuverkamenn og fleira í þá veru.“

**Þórunn:** „Þessi turn virðist vaxa mörgum óskaplega í augum, en hann er ekki hærri en fjögurra hæða hús. Einhverjir tala um turninn eins og hann komi til með að ná upp í gervitungl, þaðan sem múslimarnir ætli að taka yfir allan heiminn.“

**Dóri:** „Fréttin í öllu þessu moskudæmi er auðvitað sú að við erum að verða fjölbreyttara samfélag. Það er leiðinlegt að einblína á hóp heimskingja sem dreifa svínshausum og hreykja sér af því í útvarpsviðtölum. Mér finnst bara gott að við séum að þroskast sem samfélag og það er líka gaman að fá rússneska rétttrúnaðarkirkju. Þetta eru byggingar sem sómi er að. Við eigum að fagna öllum fjölbreytileika.“

**Þórunn:** „Ég er sammála því. Fjölmenningarsamfélög eru það sem koma skal. Við getum ekki sett okkur á háan hest og haldið að við getum haldið þessari eyju „hreinni“ eða eitthvað í þá áttina.“

**Dóri:** „Hreinleiki er mjög klikkað orð. Þetta á að vera jákvætt orð en er svo bara notað annaðhvort um hreinleika fíkniefna eða í rasískum tilgangi. Við eigum að forðast hreinleika.“

**Þórunn:** „Eins og úrkynjun.“

**Dóri:** „Hreinleiki og úrkynjun eru náskyld hugtök.“

### Obama vonbrigði áratugarins

*Urðuð þið fyrir barðinu á Vodafone-hakkaranum?*

**Þórunn:** „Ég skipti yfir í Vodafone viku áður en hakkarinn lét til skarar skríða. Núna held ég að Vodafone sé öruggasti staðurinn til að vera á. Þeir eru örugglega alveg á nálum.“

**Dóri:** „Algjörlega. Þeir gera ekki sömu mistökin tvisvar. Ég átti ein sms-skilaboð sem birtust. „Smink í Sagafilm“, eða eitthvað svoleiðis.“

**Þórunn:** „Það var ógeðslegt að lesa sumt af þessu, til dæmis þegar verið var að vitna í einhver hrikalega klámfengin skilaboð.“

**Dóri:** „Ég varð að leggjast eftir að hafa lesið sum af þessum skilaboðum. Þegar þetta gerðist var ég uppi í RÚV og sá að menn voru að fletta upp númerum hjá ríkisstjórninni. Þá komu upp þessir leyndófundir og fleira.“

**Þórunn:** „Og svo segjast allir hafa verið að djóka. Framsókn kom ekki vel út úr þessu máli, frekar en öðrum. En svona öryggismál hafa auðvitað verið ofarlega á baugi á árinu, til dæmis málið með Edward Snowden. Mig langaði að fá hann hingað til Íslands. Hann er svo sætur.“

**Dóri:** „Það var dálítið rosalegt mál og sýnir kannski að Ameríka breytist aldrei. Kalda stríðið er alltaf í gangi einhvers staðar. Kannski er það aukaatriði hvert Snowden fór og meiru máli skiptir hvað hann sagði okkur. Maður hélt að Obama væri þessi leiðtogi breytinga.“

**Þórunn:** „Obama er vonbrigði áratugarins. Það kemst greinilega enginn til metorða í þessum hráskinnaleik sem bandarísk pólitík er án þess að vera skítmenni.“

### Sameinuðumst yfir boltanum

*Fylgdust þið með framgangi knattspyrnulandsliðsins sem rétt missti af sæti á HM í Brasilíu?*

**Þórunn:** „Ég sá Eið Smára fara að gráta og ég fór líka að gráta.“

**Dóri:** „Það var rosalega fallegt augnablik.“

**Þórunn:** „Mjög fallegt, en annars fylgist ég ekkert með fótbolta og finnst hann hryllilega leiðinlegur.“

**Dóri:** „Við erum bara svo vön að sjá landsliðið tapa. Lélegt Eurovision-lag, norðangarri og landsliðið tapar, það er að vera Íslendingur. Og svo litum við skyndilega vel út. Ertu að grínast með þennan leik á móti Sviss? Hann er það fallegasta sem kom fyrir þessa þjóð á árinu. Þá sameinuðumst við.“

**Þórunn:** „Er það ekki fullmikið sagt?“

**Dóri:** „Nei, alls ekki. Eftir leikinn við Sviss leit ég út um gluggann heima hjá mér á Suðurgötunni og sá gljáa og glampa úr stofugluggunum.“

> **„Ef ég ætti að velja myndi ég alltaf fara í partí hjá Sjálfstæðisflokknum. Þeir kunna á partíin og eru bara með hvítvín og humar.**

**Þórunn:** „Sá glampi dreif ekki vestur á Hagamel.“

**Dóri:** „Ég er meira gefinn fyrir handbolta því það gerist meira í honum. Fótboltinn gengur meira út á biðlund og fagurfræði og er kannski bara fyrir gáfaðra fólk en mig.“

### Gerum eitthvað ódýrara

*Niðurskurðurinn hjá RÚV í lok árs var á allra vörum og nú vilja sumir meina að við eigum að hætta við þátttöku í Eurovision meðan svona stendur á.*

**Dóri:** „Já, auðvitað eigum við að sleppa því að vera með í Eurovision á næsta ári. Pólland og Portúgal eru ekki með og þetta kostar meiri peninga en við höldum. Það væri táknrænt að viðurkenna að við getum ekki tekið þátt og við eigum bara að gera eitthvað annað skemmtilegt í staðinn.“

**Þórunn:** „Eitthvað ódýrara. Við gætum til dæmis haldið söngalagakeppni sem er ekki svona rosalega dýr.“

**Dóri:** „Já, eða tekið peninginn og niðurgreitt miða í stóru leikhúsin þannig að allir komist frítt í leikhús í mánuð.“

**Þórunn:** „Er ekki hópurinn sem hefur gríðarlega gaman af Eurovision hvort sem er frekar fámennur? Þetta er ekki skemmtilegt sjónvarpsefni. Erum við kannski allt of neikvæð?“

**Dóri:** „Við eigum að vera neikvæð. En ég vil samt endilega að það komi fram að þetta hefur verið skemmtilegt ár og það er alltaf jafn gaman að vera til.“


Í venjulegri flösku
af kampavíni
eru 250 milljón loftbólur
– í kaffi er engin
GEVALIA
HELA BÖNOR
NY! SYDITALIENSK ESPRESSO
GIOVANNIS BLANDNING
500g
GEVALIA
Original
500g
GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA
GEVALIA



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# AFGREIÐSLUTÍMAR UM ÁRAMÓTIN

## LÆKNISÞJÓNUSTA NEYÐARLÍNAN RAUÐI KROSSINN KVENNAATHVARF

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi**
Opin allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** 543-1000
**Beint innval við Hringbraut** 543-2050
**Beint innval á slysadeild í Fossvogi** 543-2000 Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
Opin 9-23.30 allar helgar og helgidaga.
**Vitjanasími** 1770 (opinn allan sólarhringinn alla daga)
**Vitjunum** er sinnt frá 8-23.30 um helgar og hátíðisdaga.

**Neyðarlínan**
**Neyðarsími Neyðarlínunnar 112** er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
**1717** er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðirnar og milli jóla og nýárs.
Fólki er bent á **Neyðarmóttöku** og **Kvennaathvarfið**
**Stígamót** 562-6868

**Kvennaathvarfið**
**Opið** allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-1205.

**SÁÁ Göngudeild**
Í Efstaleiti 7 er opið 9-12 á gamlársdag en lokað á nýársdag.
**Símanúmer** 530-7600

Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarleg slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir hátíðirnar og skiptist það sem hér segir:
**Gamlársdagur**
Opið hjá Ragnari Arnarsyni 8-12.
**Nýársdagur**
Opið hjá Hrafnhildi E. Skúladóttur 8-12.

## APÓTEK

**Lyfja**
**Gamlársdagur**
Opið 8-18 Lágmúla og Smáratorgi
Opið 10-12 Blönduósi, Borgarnesi, Egilsstöðum, Eskifirði, Grindavík, Húsavík, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Nýbýlavegi, Reyðarfirði og Sauðárkróki.
Opið 9-12 Keflavík, Laugavegi og Selfossi
Opið 10-13 Smáralind.
*Aðrir staðir verða lokaðir.*
**Nýársdagur**
Opið 10-01 Lágmúla.
Opið 9-24 Smáratorgi.
*Aðrir staðir verða lokaðir.*

**Árbæjarapótek**
**Gamlársdagur**
Opið 9-12
**Nýársdagur** Lokað.

**Lyfjaval**
**Gamlársdagur**
Opið 9-12 Lyfjaval, Álftamýri og Mjódd.
Opið 10-14 Lyfjaval Bílaapótek.
**Nýársdagur** Lokað.

**Lyfjaver**
**Gamlársdagur** Opið 8:30-12
**Nýársdagur** Lokað.

## SAMGÖNGUR SUNDLAUGAR STÓRMARKAÐIR SÖFN

**STRÆTÓ**
**Gamlársdagur**
Ekið skv. laugardagsáætlun til kl. 14.
**Nýársdagur** Enginn akstur.

*Nánari upplýsingar um síðustu ferðir er að finna á* ***www.straeto.is.***

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Gamlársdagur**
Opið 8-12.30 Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur og Vesturbæjarlaug.
Opið 8-12 Lágafellslaug, Sundlaug Kópavogs, Sundlaugin Versölum.
Opið 9-12 Varmárlaug.
Opið 6.30-11 Ásvallalaug, Sundhöll Hafnarfjarðar og Suðurbæjarlaug.
Opið 6.30-12 Seltjarnarneslaug.
Opið 10-12.30 Klébergslaug.
**Nýársdagur**
Opið í Laugardalslaug 12-18.

**STÓRMARKAÐIR**
**Hagkaup**
**Gamlársdagur**
Opið til 16 Verslanir Hagkaups í Skeifunni, Garðabæ og á Eiðistorgi.
Opið 9-14 Aðrar verslanir Hagkaups.
**Nýársdagur**
Opið frá kl 11 í Skeifunni, Eiðistorgi og Garðabæ.
*Aðrar verslanir eru lokaðar.*

**Nóatún**
**Gamlársdagur**
Opið 8-15.
**Nýársdagur**
*Allar verslanir eru lokaðar.*

**10-11**
**Gamlársdagur**
Opið á Dalvegi, Lágmúla, Staðarbergi, Austurstræti og í Keflavík allan sólarhringinn.
Aðrar verslanir eru opnar til 18:00.
**Nýársdagur**
Opið á Dalvegi, Lágmúla, Staðarbergi, Austurstræti og í Keflavík allan sólarhringinn.
Aðrar verslanir opnaðar kl. 11.00.

**Bónus**
**Gamlársdagur**
Opið 10-15
**Nýársdagur** Lokað.

**Krónan**
**Gamlársdagur**
Opið á Reyðarfirði 9-13.
Opið í öðrum verslunum 9-15.
**Nýársdagur**
Lokað.

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni.**
**Gamlársdagur** Opið 10-14.
**Nýársdagur** Opið 13-17.
**Listasafn Íslands**
Lokað á gamlárs- og nýársdag.
**Þjóðminjasafn Íslands**
Lokað til 3. janúar.
**Hafnarborg**
Lokað til 3. janúar.

NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

# Gleðilegt nýtt ár!

## Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

Opið til kl. 15 í dag!




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga 8>24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR**
**Eir, hjúkrunarheimili,**
**áður Háaleitisbraut 16,**
**Reykjavík,**

lést 26. desember síðastliðinn á Eir, hjúkrunarheimili. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Björg Pjetursdóttir**
**Magnús Pétursson** **Júlíanna H. Friðjónsdóttir**
**Guðfinna Pjetursdóttir** **Guðmann Bjarnason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HJÖRTUR EINARSSON**
**Neðri-Hundadal, Dalasýslu,**

sem lést 23. desember, verður jarðsettur frá Kvennabrekkukirkju, föstudaginn 3. janúar kl. 14.00. Rútuferð verður frá Umferðarmiðstöðinni, BSÍ, kl. 11.30 sama dag.

**Lilja Sveinsdóttir**
**Sigríður Hjartardóttir** **Helgi Reynisson**
**Sigursteinn Hjartarson** **María Guðmundsdóttir**
**Kristín Lára Hjartardóttir** **Jóhann Hreggviðsson**
**Signý Harpa Hjartardóttir** **Axel Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SOFFÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Þorsteinsgötu 7, Borgarnesi,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut á annan í jólum. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 3. janúar kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Anna María Soffíudóttir** **Indriði Þorkelsson**
**Jórunn Guðsteinsdóttir**
**Guðrún Berta Guðsteinsdóttir** **Arnfinnur Hallvarðsson**
**Svanhvít Rós Guðsteinsdóttir**
**Guðmundur Viðar Guðsteinsson** **Svava Björg Svavarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Okkar elskulegi bróðir og frændi,
**Karl Ágúst Ólafsson**

lést 18. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 7. janúar kl. 15.00.

**Ragnhildur Ólafsdóttir**
**Helga Sigríður Ólafsdóttir**
**Ásgeir Ingi Guðmundsson**
**Guðríður M. Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Haukur Guðmundsson**
**Elín Inga Guðmundsdóttir**
**Kristín Helga Guðmundsdóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS


571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

## MERKISATBURÐIR

**1791** Skólapiltar í Hólavallaskóla í Reykjavík halda áramótabrennu, þá fyrstu sem skráðar sögur fara af hér á landi.

**1879** Uppfinningamaðurinn Thomas Edison sýnir rafmagnsljós sitt í Menlo-garði í New Jersey.

**1944** Seinni heimsstyrjöldin: Ungverjaland segir Þýskalandi stríð á hendur.

**1949** Gamlárskvöld í Reykjavík er það rólegasta í tugi ára. Það er þakkað því að brennur eru skipulagðar víða um borgina.

**1990** Rússinn Garry Kasparov ver titil sinn í heimsmeistaramótinu í skák þegar hann leggur landa sinn Anatolíj Karpov að velli.

**1991** Sovétríkin leysast upp.

**1998** Ellefu Evrópulönd segja skilið við gamlan gjaldmiðil og taka upp evru.

**1999** Boris Jeltsín segir af sér sem forseti Rússlands og Vladímír Pútín er settur forseti í hans stað.

**1999** Bandaríkin eftirláta Panama yfirráðin yfir Panama-skurði.



**GARRY KASPAROV**



**VIÐ AFHENDINGUNA** Frú Vigdís Finnbogadóttir situr í stjórn sjóðsins sem stofnaður var til minningar um bróður hennar Þorvald. Hún afhenti Herbjörtu viðurkenninguna. MYND/KRISTINN INGVARSSON

# Frétti af heiðrinum í miðjum jólaprófum

**Herbjört Andrésdóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði, hlaut viðurkenningu og styrk úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents rétt fyrir jólin.**

„Ég frétti af því í miðjum jólaprófunum að mér hefði hlotnast þessi heiður. Þetta voru tvö hundruð þúsund sem ég fékk og það munar um minna.“ Þetta segir Herbjört Andrésdóttir ánægð þegar hún er spurð út í styrkinn sem hún fékk úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents rétt fyrir jól og systir Þorvalds, Vigdís Finnbogadóttir, afhenti henni við hátíðlega athöfn í Hannesarholti.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur við verkfræðideildir Háskóla Íslands til framhaldsnáms í verkfræði og það er nemandi með hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í grunnnámi sem hlýtur hann. Herbjört er nú á þriðja ári og ætlar að útskrifast í vor úr umhverfis-og byggingarverkfræði. Hún stefnir á framhaldsnám í Þrándheimi í Noregi en kveðst ekki búin að ákveða hvaða grein hún velji til meistaranáms svo hún geti ekki gert það uppskátt. „Ég ætla einmitt að ákveða það núna í jólafríinu,“ tekur hún fram.

Herbjört er dóttir Maríu Kjartansdóttur og Andrésar Jóhannssonar. Ásamt verkfræðinni hefur hún áhuga á söng og hefur sungið í kórum frá tíu ára aldri. Nú er hún í Flensborgarkórnum. „Þetta er svipað og með Hamrahlíðarkórinn, það er einn kór nemenda og annar fyrrverandi nemenda og ég er í þeim síðartalda,“ útskýrir hún. „Við í Flensborgarkórnum stefnum á að fara í söngferð til Lettlands núna í sumar.“

gun@frettabladid.is

### Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents

Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents var stofnaður af foreldrum Þorvalds, Sigríði Eiríksdóttur og Finnboga Rúti Þorvaldssyni, fyrrverandi forseta verkfræðideildar Háskóla Íslands.

Árlega er veitt viðurkenning úr sjóðnum til afburðanemanda í verkfræði við Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður á 21 árs afmæli Þorvalds, þann 21. desember 1952.

Í stjórn sjóðsins situr frú Vigdís Finnbogadóttir ásamt Hilmari Braga Janussyni, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, og Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands.



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍSABET REYKDAL**
**Setbergi,**

lést á Sólvangi laugardaginn 21. desember. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 3. janúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

**Halldór Einarsson** **Unnur Jónsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir** **Haukur Bachmann**
**Jóhannes Einarsson** **Pálína Pálsdóttir**
**Friðþjófur Einarsson** **Hulda Júlíusdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Sigurður Gíslason**
**Pétur Einarsson** **Guðrún Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐGEIRSSON**
**læknir,**
**Brúnavegi 9, Reykjavík,**

lést á Þorláksmessu á lungnadeild Landspítalans. Útför fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. janúar 2014 kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ása Jónsdóttir**
**Guðgeir Jónsson** **Guðrún A. Árnadóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Ingvar Stefánsson**
**Jóhannes H. Jónsson** **Agnes Benediktsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr og snjöll
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI
Opið til kl. 15 í dag
og til kl. 13 á Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum
Opnum aftur 2. janúar
Coca-Cola
Kaupauki
Maarud snakkpoki með sýrðum rjóma og lauk bragði fylgir með kaupum á kippu af 4x2L Coke*
998 kr. pk.
Með hverri kippu
4 x 2L
færð þú
1 poka af Maarud snakki með sýrðum rjóma og lauk bragði.
MAARUD
POTETGULL
* Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke zero á meðan birgðir endast.
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

**ÞETTA GERÐIST** 31. DESEMBER 1970

# Laxness fremstur í flokki umhverfissinna

Halldór Kiljan Laxness skrifaði grein í Morgunblaðið þennan dag árið 1970 sem hann nefndi Hernaðurinn gegn landinu.

Greinin vakti margvísleg andsvör og deilur í þjóðfélaginu. Hann var hættur að láta að sér kveða í flokkspólitískum deilumálum á Íslandi en hélt þó áfram að skrifa um ýmis hugðarefni sín í blöðin. Í greininni tók hann sér stöðu sem umhverfissinni þar sem hann mótmælti meðal annars hugmyndum um stórvirkjanir.

Greinin spratt upp úr umræðu um aukna stóriðju í landinu og átti þátt í því að ýmsar stórtækar hugmyndir um virkjanir voru lagðar á hilluna um sinn.

Í grein sinni skrifar Halldór: „Óspillt náttúra er því aðeins falleg nú á dögum sé hún borin saman við borgir þángað sem menn hafa flúið af því sveitin veitti þeim ónóga lífsafkomu; og búa þar nú við vaxandi óhægindi, sumstaðar einsog í víti ...“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýtt starf, ný borg og nýtt heimili á nýju ári

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fagnar afmæli sínu í dag en fram undan eru heilmiklar breytingar í lífi hennar. Hún er að flytja á Bárugötuna og tekur líka við starfi í Istanbúl.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er dóttir Ingibjargar J. Níelsdóttur húsmóður (f. 23. febrúar 1918) og Gísla Gíslasonar verslunarmanns (f. 30. nóvember 1916) en bæði eru látin. Í dag fagnar hún afmæli sínu á þessum síðasta degi ársins en hún verður 59 ára. Í gegnum tíðina hafa veisluhöldin vegna afmælisins og áramótagleðinnar verið meiri en í ár en nú hyggjast Ingibjörg og eiginmaður hennar, Hjörleifur Sveinbjörnsson, eiga huggulegar stundir með vinum í heimahúsi. „Ég hef sjálf boðið til mín fólki í veislu, þar til núna þar sem ég bý núna í pappakössum og býð engum heim til mín,“ segir hún. Hefðir á áramótunum hafa ekki verið miklar. Einna helst hefur hún sótt brennuna á Ægisíðunni. „Ég stend á heilmiklum tímamótum í margvíslegum skilningi. Nýtt starf, ný borg og nýtt heimili á nýju ári,“ segir Ingibjörg Sólrún glöð í bragði. Flutningar innan borgarinnar standa yfir en einnig flyst hún búferlum á erlenda grundu á nýju ári.

„Við hjónin erum að flytja frá Nesveginum þar sem við höfum búið í 16 ár, þangað sem við hófum búskap fyrir þrjátíu árum, á Bárugötuna. Svo er ég einnig að flytjast búferlum til Istanbúl.“ Í byrjun janúar mun Ingibjörg Sólrún taka við heilmiklu starfi sem svæðisstjóri UN Women sem er jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna. Ingibjörg Sólrún mun sinna starfi sínu sem svæðisstjóri yfir Mið-Asíu og Evrópu og stefnir á flutning til Istanbúl í lok janúar þar sem ný skrifstofa verður stofnsett. Hún segist vera ýmsu vön eftir búsetu í Afganistan undanfarin tvö ár þar sem hún sinnti stöðu sem yfirmaður UN Women. „Fólk er miklu frjálslyndara í Istanbúl en það er í Afganistan svo það er ástæðulaust að hafa áhyggjur,“ segir hún hlæjandi. Ingibjörg Sólrún hefur áður sinnt störfum sem formaður Samfylkingarinnar, utanríkisráðherra og borgarstjóri í Reykjavík.

Varðandi markmið fyrir komandi ár segist hún aldrei setja sér nein sérstök markmið. „Ekki nema að gera eins og venjulega, að gera sitt besta hverju sinni í því sem maður tekur sér fyrir hendur. Meira getur maður ekki gert.“

**Menntun og starfsferill**

Ingibjörg Sólrún lauk stúdentsprófi árið 1974 frá Menntaskólanum við Tjörnina sem nú nefnist Menntaskólinn við Sund. Hún lauk BA-prófi í sagnfræði og bókmenntum við Háskóla Íslands árið 1979. Eftir BA-próf fór hún til Danmerkur og var gestanemandi við Hafnarháskóla árin 1979-1981. Eftir Danmerkurferðina stundaði hún Cand. mag.-nám í sagnfræði við Háskóla Íslands á árunum 1981-1983.

Ingibjörg Sólrún var borgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 1982-1988 og aftur 1994-2006. Hún sinnti einnig ritstjórastarfi Kvennatímaritsins á árunum 1988-1990 og var þingkona Kvennalistans frá 1991-1994. Þá tók hún við stöðu borgarstjóra sem hún sinnti alveg fram til ársins 2003. Á árunum 2007-2009 var hún utanríkisráðherra. Á landsfundi Samfylkingarinnar í maí árið 2005 hlaut Ingibjörg Sólrún 7.997 atkvæði og gegndi formennsku í fjögur ár, eða þar til í mars árið 2009.

marinmanda@frettabladid.is

---

✝



Okkar ástkæra systir og mágkona,

**LÓA MEEKS**
**ÓLAFÍA TÓMASDÓTTIR**
**Lakewood, Kaliforníu,**

lést þriðjudaginn 17. desember.

**Sigmundur Tómasson** — **Anna S. Jensen**
**Sigríður M. Tómasdóttir** — **Erlingur G. Antoníusson**
**Tómas Ó. Tómasson**
**Þorbjörg Eiðsdóttir**

---

✝



Elskuleg frænka okkar og mágkona,

**ÞÓRHILDUR KRISTÍN BACHMANN**
**BESSÝ**

til heimilis á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi, andaðist þann 27. desember. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 15.00.

**Frændsystkini og mágkona**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA MARIANNE ÓLAFSSON**

lést á bráðadeild Landspítalans 28. desember 2013.
Jarðarförin verður tilkynnt síðar.

**Ólafur Ólafsson**
**Ásta Sólveig Ólafsdóttir** — **Ágúst Kárason**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Bjarni Ólafur Ólafsson** — **Margrét Sigmundsdóttir**
**Páll Ólafsson** — **Sigríður Dóra Gísladóttir**
**Gunnar Alexander Ólafsson** — **Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir**
**Ólafur Ólafsson** — **Magnfríður S. Sigurðardóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður, stjúpföður, bróður, mágs, afa og langafa,

**INGÓLFS VESTMANN EINARSSONAR**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á líknardeild Landspítala, deild 11E við Hringbraut og gjörgæsludeild í Fossvogi fyrir frábæra umönnun og alúð.

**Hildur Guðmundsdóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Guðbjörg Ingólfsdóttir** — **Þórður H. Jónsson**
**Guðmundur Þ. Þórðarson** — **Elwira Gibowicz**
**Elenora Ósk Þórðardóttir** — **Pétur J. Sævarsson**
**Jón Þórir Einarsson** — **Jensína Hjálmtýsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Edda I. Einarsdóttir** — **Óli E. Einarsson**
**Einar Einarsson** — **Stefanía Jörgensdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Einlægar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar kæra

**EINARS E. HELGASONAR**
**Einilundi 4b, Akureyri.**

Guð gefi ykkur öllum gleðilegt ár.

**Ásdís Karlsdóttir**
**og fjölskylda**

---

✝



Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og sambýlismaður,

**GEORG ÞÓR STEINDÓRSSON**

lést fimmtudaginn 26. desember.

**Tinna Georgsdóttir**
**Steindór Steinþórsson** — **Anna Marie Georgsdóttir**
**Margrét Lind Steindórsdóttir** — **Björgvin Guðjónsson**
**Steinlaug Sigurjónsdóttir**
**Sigrún Þorvaldsdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ARNFINNUR ARNFINNSSON**
**hótelstjóri og framkvæmdastjóri,**
**Skarðshlíð 12c, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 28. desember.
Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. janúar kl. 13.30.

**Elín Sumarliðadóttir**
**Guðrún Arnfinnsdóttir** — **Oddur Jónas Eggertsson**
**Bryndís Arnfinnsdóttir** — **Sigurður Jóhannsson**
**María Arnfinnsdóttir** — **Baldur Örn Baldursson**
**Sigurður Líndal Arnfinnsson** — **Kristín Hjaltalín**
**Arna Þöll Arnfinnsdóttir** — **Jón Í. Guðmann**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA HAFNFJÖRÐ**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði þann 21. desember 2013. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Sigurður Kjartansson** — **Unnur Jenný Jónsdóttir**
**Arndís Kjartansdóttir** — **Ásgrímur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær bróðir okkar,

**JÓN GUNNARSSON**
**fv. mjólkurbílstjóri,**
**frá Morastöðum í Kjós,**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 29. desember sl.

**Systkini hins látna**


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
Hefst 2. janúar kl.12:00 10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



**2 | KL. 14:00 KRYDDSÍLD 2013**

Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum.

# Skemmtilegt
# Gamlárskvöld

**2 | KL. 20:00**

**ÁVARP FORSÆTISRÁÐHERRA**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur ávarp.



**2 | KL. 20:15**

**HARRY OG HEIMIR – MEÐ ÖÐRUM MORÐUM**

Kalli, Siggi og Örn fara á kostum í sprenghlægilegum ærslaleik.



**2 | KL. 21:40**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN: ON STRANGER TIDES**

Spennu- og ævintýramynd með Johnny Depp í aðalhlutverki.



**2 | KL. 23:55**

**NEW YEAR'S EVE**

Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd með einvala liði leikara.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 | KL. 22:30**

**DJÓKAÍN MEÐ HUGLEIKI DAGSSYNI**

Upptaka frá uppistandi Hugleiks Dagssonar í Háskólabíói.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | | | 8 | 2 | | | |
| | | | 4 | | 6 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | 9 | 5 | | 6 |
| | 5 | 6 | 7 | 1 | | | | |
| 2 | | | 5 | | | 1 | | 3 |
| | 9 | | | | | 4 | | |
| 3 | | | | 2 | | 7 | 9 | 8 |
| | 6 | | | | 7 | | | |
| | 8 | | | 3 | | | | 5 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | 5 | | | 8 |
| | | 1 | | | 3 | 4 | 5 | |
| 3 | | | | 9 | | 1 | | 7 |
| | | | 7 | | | 2 | 4 | 6 |
| 4 | | 8 | | | | | | |
| | 2 | | 1 | 5 | | | | |
| 8 | | 5 | | | | 3 | | |
| | 6 | 2 | | | | 8 | 1 | |
| | | | | | | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | | | | |
| | 9 | | | | | | 3 | |
| | 3 | | | | | | 6 | 2 |
| 6 | | 7 | 4 | | | | | |
| 9 | 8 | 1 | 6 | | | | | |
| 2 | | | | | 1 | 7 | 9 | |
| 1 | 2 | | | | 4 | | 8 | 3 |
| | | | | 5 | | | 2 | |
| | | 9 | 8 | 3 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 |
| 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 3 | 8 |
| 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 4 | 3 |
| 6 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 3 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 1 | 6 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 7 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 4 | 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 5 | 1 | 2 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**„Kannski sýnir tilfinningin sem við upplifum þegar við erum ástfangin manneskjuna í eðlilegu ástandi. Ástin sýnir manneskju eins og hún ætti að vera."**

*Anton Chekhov*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT: 2.** gas, **6.** átt, **8.** nugga, **9.** upphrópun, **11.** tveir eins, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** í röð, **17.** gagn, **18.** kæla, **20.** peninga, **21.** yndi.

**LÓÐRÉTT: 1.** faðmlag, **3.** öfug röð, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** verkur, **7.** fyrirgefning, **10.** óvild, **13.** vöntun, **15.** bakhluti, **16.** tala, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** na, **8.** núa, **9.** úff, **11.** kk, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** tu, **17.** nyt, **18.** ísa, **20.** fé, **21.** unun.

**LÓÐRÉTT: 1.** knús, **3.** on, **4.** fúkalyf, **5.** tak, **7.** aflausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** tíu, **19.** au.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Halldór Grétar Einarsson (2.190) vann Helga Ólafsson (2.546) í Sveitakeppni Icelandair sem fram fór sl. laugardag á Hótel Natura. **Svartur á leik.**



**25. d5!** (tvöföld hótun) **25...Dg4 26. Hxe4!** og svartur gafst upp. Gunnar B. og stórmeistararnir sigruðu á mótinu en sveitina skipuðu: Þröstur Þórhallsson, Helgi Áss Grétarsson, Gunnar Björnsson og Gunnar I. Birgisson. **www.skak.is:** Gleðilegt ár!

# Það er opið í Iceland um áramótin

Opið í Iceland öll áramótin
og á nýársdag.

Gleðilega hátíð,
starfsfólk Iceland



OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN
ICELAND
ENGIHJALLA

Iceland


Íslandsbanki
APPELSÍN
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR ÁRSINS!
ÍSLAND GOT TALENT
SPENNANDI SJÓNVA
Skemmtipakkinn
6 stöðvar
aðeins 266 kr. á dag
2
3
Krakka stöðin
BÍÓ STÖÐIN
GULL STÖÐIN
POPP TÍVÍ
2 VÍLD




## Nýtt ár hefst með látum á Stöð 2

Leitin að næstu stórstjörnu Íslands hefur göngu sína í Ísland Got Talent í janúar.
Spurningabomban snýr aftur og Ólafur Darri spilar stórt hlutverk í True Detectives og Banshee.
Laddi verður tíður gestur í Spaugstofunni og Jón Ársæll mætir með þáttinn sinn, Sjálfstætt fólk.
Á fullu gazi, Léttir sprettir með Rikku, og Heilsugengið hefja göngu sína á nýju ári.

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

margfalt skemmtilegri



**STÓRU BÖRNIN** „Þar er tekið á efni sem er fráhrindandi við fyrstu sýn.“ MYND/AÐSEND

# ÓSKÝR STEFNA, EN EINSTAKIR VAXTARBRODDAR

„Auðvitað er vandinn hér ekki síst fjárhagslegur; þeir peningar, sem opinberir aðilar hafa lagt í þennan geira, hafa alla tíð verið alltof, alltof litlir,“ segir Jón Viðar Jónsson sem hér fer yfir leikhúsárið 2013.

**Leikhús 2013**

Íslenskt leikhús hefur síðustu sextíu ár verið tveggja turna leikhús. Að miklu leyti alltént. Annars vegar Þjóðleikhúsið, hins vegar Leikfélag Reykjavíkur. Samkeppnin milli þessara stofnana hefur verið aðalhreyfiafl leiklistar og leikritunar, hvað sem öllu öðru líður: frjálsu leikhóparnir, sem nú vilja kalla sig „sjálfstæðu leikhúsin“, hafa aldrei náð að ógna veldi þeirra eða breyta heildarmyndinni svo um munar, þó að vissulega hafi sitthvað lífvænlegt sprottið fram hjá þeim. Nú á síðari árum og misserum hefur utanstofnanafólk leitað æ meir eftir að starfa með stofnunum eða í skjóli þeirra, eins og Vesturportarar eru skýrt dæmi um; sumir hafa jafnvel af því áhyggjur, skilst mér, að stofnanirnar séu að gleypa „hina frjálsu senu“. Auðvitað er vandinn hér ekki síst fjárhagslegur; þeir peningar, sem opinberir aðilar hafa lagt í þennan geira, hafa alla tíð verið alltof, alltof litlir. Og varla mikil von til að það breytist í bráð, eins og nú árar.

### Fátækleg leiklistarumræða

Kynslóðaskipti hafa sett svip sinn á leikhúsin undanfarin ár. Einstaklingar, leikstjórar og leikhússtjórar, af 68-kynslóðinni voru lengi valda- og áhrifamiklir, en hafa nú heldur látið undan síga, góðu heilli; ég er ekki viss um að sú arfleifð sem þeir skilja eftir sig geti talist ýkja glæsileg. En hvað hefur yngra fólkið komið fram með betra; með hverju og hvaða hætti hefur það endurnýjað listina? Það er nokkuð sem menn myndu ræða, ef hér færi fram einhver marktæk leiklistarumræða, krítísk og uppbyggileg. En því fer víðs fjarri að svo sé. Sumir halda að ástæðan sé umfram allt hræðsla við að styggja þá sem með völd fara, þá sem sitja við kjötkatlana eða ráða aðgangi að þeim. Reynslan hafi kennt að þessir valdhafar eigi til að sitja talsvert lengur en gert var ráð fyrir í fyrstu og því sé hættuminnst að fara með veggjum, forðast að hafa uppi háværa gagnrýni, hætta ekki á að lenda úti í kuldanum. Og sannarlega: leikhús okkar er lítið; þeir sem standa fyrir utan og knýja dyra eru fleiri en þeir sem sitja inni í hlýjunni og verma sig – miklu fleiri.

Ætli það geti ekki verið ein skýringin á því hversu stefnulaust og á heildina litið sviplítið íslenskt leikhús er um þessar mundir? Að menn þori ekki að spyrja í fullri einurð hvaða erindi það telji sig yfirleitt eiga við þjóðina og hvernig það ræki þá það erindi? Að ráðamenn skorti það aðhald sem alvarleg umræða myndi veita þeim?

### Of mikið af vondum leikritum

Valdamestu einstaklingar íslensks leikhúss nú eru þau Tinna Gunnlaugsdóttir og Magnús Geir Þórðarson. Þau hafa bæði setið nógu lengi á sínum pósti í „turnunum tveimur“ til að sýna hvers þau eru megnug sem listrænir stjórnendur. Bæði hafa sína kosti og takmarkanir. Þau hafa reynt að efla yngri leikstjóra til verka og eiga hrós skilið fyrir það. En þau hafa bæði látið sýna allt of mikið af lélegum leikritum (jafnvel mjög lélegum): misheppnuðum tilraunum hérlendra, útlendri meðalmennsku sem hefði betur verið geymd heima hjá sér.

Löngu er sýnt að hvorugt þeirra hefur neinn sérstakan skilning á nauðsyn þess að halda hinum klassíska leikhúsarfi vestrænnar menningar á lífi, kynna helstu skáld leikbókmenntanna reglubundið fyrir nýjum kynslóðum áhorfenda. Það litla sem þau hafa látið flytja af slíku tagi hefur virst handahófskennt (og nú lít ég auðvitað lengra til baka en til liðins árs) og of margt af því eyðilagt af misvitrum leikstjórum, gjarnan innfluttum. Afleiðingin er sú að leikhúsið hefur skort súrefni.



**LEIKSTJÓRI ÁRSINS** Rúnar Guðbrandsson átti tvær vel heppnaðar og eftirtektarverðar sýningar á árinu, Hvörf og Stóru börnin, að mati Jóns Viðars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Bestu leikarar okkar hafa ekki fengið næg tækifæri til að þroskast í átökum við alvöru leikskáldskap …

Bestu leikarar okkar hafa ekki fengið næg tækifæri til að þroskast í átökum við alvöru leikskáldskap og við erum sem stendur fátæk að höfundum. Jón Atli er enn bara efnilegur, og svo er um fleiri. Það er enginn Jökull Jakobsson í sjónmáli, enginn Guðmundur Steinsson eða Oddur Björnsson: skapandi og leitandi skáld með trausta undirstöðu í dramatúrgískri þekkingu.

Ég mun eflaust fá bágt fyrir þessi orð hjá þeim í Leikskáldafélaginu, en það verður þá að hafa það. Þar á bæ hafa stundum verið uppi hugmyndir um að skylda leikhúsin til að setja á einhvers konar kvóta; það er að sýna aldrei minna en einhvern tiltekinn fjölda íslenskra nýrra verka á hverju ári. Sem betur fer hefur slík vitleysa aldrei náð fram að ganga. Hlutverk leikhúsanna er ekki að þjóna þeim sem við þau starfa, heldur áhorfendum. Ef menn geta ekki skrifað nógu góð leikrit, þá er það ekkert endilega sök leikhúsanna. Vissulega er slæmt ef leikhúsin hafna álitlegum verkum, eins og þau eru stundum sökuð um, en litlu skárra er í mínum huga ef þau taka fyrir einhvern dómgreindarbrest (eða hugsanlega ytri þrýsting) ófullburða eða andvana verk sem leikstjórunum er svo treyst til að lappa upp á. Dæmi um slíkt frá síðustu misserum eru auðfundin, þó ekki verði þau rifjuð upp hér.

Hins vegar er sjálfsagt að nefna tvo höfunda sem komu fram á árinu og athygli vöktu, þau Tyrfing Tyrfingsson með einþáttunginn Skúrinn á sléttunni, sem Leikfélag Reykjavíkur sýndi í vor, og Lilju Sigurðardóttur með Stóru börnin í Tjarnarbíói. Þess verður beðið með eftirvæntingu sem frá þeim kemur næst. Frumraun Mikaels Torfasonar á leiksviði, Harmsaga, var einnig áhugaverð; þar var af óvenjulegu hlífðarleysi leitast við að varpa ljósi á lífsvanda þeirrar kynslóðar, sem er nú að reyna að fóta sig í tættu og áttalausu samfélagi. Vonandi finnur Mikael sér tíma, meðfram annasömum ritstjórnarstörfum, til að vinna betur úr því efni; hann hefur varla sagt síðasta orðið um það.

### Rúnar leikstjóri ársins

Íslenskt leikhús hefur alla tíð liðið fyrir skort á verulega góðum leikstjórum. Flestir, að ég ekki segi allir helstu leikstjórar okkar, hafa ýmist verið óhemju mistækir eða takmarkaðir, nema hvort tveggja sé. Við höfum aldrei eignast neinn Bergman, Sjöberg eða Besekow, svo ekki sé lengra farið en til frændþjóðanna. Þó hefur talsverð endurnýjun orðið hér á síðari árum, sem fyrr segir; þó þarflaust sé að nefna nöfn langar mig til að nefna hér þrjá kvenleikstjóra sem hafa verið að sanna sig og allar áttu góðar sýningar á árinu: þær Hörpu Arnardóttur, Mörtu Nordal og Unu Þorleifsdóttur. Þorleifur Örn Arnarsson hefur verið á miklu flugi um Þýskaland nú í nokkur ár; hann setti á svið eigin leikgerð og Símonar Birgissonar á Englum alheimsins; sýningin gengur enn og er bókstaflega, að barnaleikjum undanskildum, hið eina sem fengið hefur aðsókn á stóra sviði Þjóðleikhússins allt árið. Það er sannarlega ekki hægt að reka upp mörg húrrahróp fyrir frammistöðunni þar á bæ um þessi áramótin. Englar þeirra félaga ollu mér raunar vonbrigðum, ekki síst leikgerðin; allt um það er Þorleifur Örn áhugaverður leikhúsmaður sem vert er að fylgjast með og á vonandi eftir að gera meira hér á landi. Svissnesk sýning hans á Pétri Gaut, sem kom hingað sem gestaleikur í fyrra, var mjög vel unnin, enda leikhópurinn sýnu sterkari en sá sem nú er í Þjóðleikhúsinu.

En leikstjóri ársins er þó tvímælalaust Rúnar Guðbrandsson sem átti tvær vel heppnaðar og eftirtektarverðar sýningar á árinu. Sú fyrri, Hvörf, var um Geirfinnsmálin og fór að mestu fram í hinum gamla sal Hæstaréttar, þar sem íslenska réttarríkið fékk það óþvegið; þetta var leikhús sem tók óhikað afstöðu, með boðskap og erindi, og fylgdi því eftir með kröftugum meðulum. Og maður fór að hugsa hversu sjaldgæft það er að leikhúsfólkinu liggi eitthvað verulega mikið á hjarta. Það spillti ekki heldur að Arnar Jónsson sýndi hreinan stjörnuleik í gráthlægilegu hlutverki þýska rannsóknardómarans sem kemur hingað sem einhvers konar bjargvættur, en er auðvitað aðeins ódýr seiðskratti þegar á reynir. Því miður fór þessi leikhúsviðburður framhjá öllum þorra fólks sem streymdi aftur á móti á Mary Poppins hjá Leikfélaginu og Engla alheimsins; það skyldi þó ekki vera að markaðs- og sölutækni leikhúsanna, aðstöðumunur þeirra og peningalítils leikhóps, hafi komið þar við sögu? Og ekki að sökum að spyrja að sýningin fór líka fram hjá þeim hópi nafnlausra og raddlausra leikdómara sem ráðstafa Grímuverðlaununum; þar komst hún ekki einu sinni á blað. Sem sýnir hversu mikið er á Grímunni er að græða.

Síðari sýning Rúnars var á Stóru börnum Lilju Sigurðardóttur, sem er áður minnst á; þar er tekið á efni sem er fráhrindandi við fyrstu sýn: sálrænni þörf fullorðinna einstaklinga til að láta fara með sig eins og bleyjubörn. En Lilju tókst að nálgast efnið með þeim hætti að á eftir stóð maður uppi með spurningar um vald og ást sem ættu að varða okkur öll, ekki bara þennan – óneitanlega æði sérkennilega – minnihlutahóp.

### Hvað er á seyði á Akureyri?

Leikfélag Akureyrar má ekki gleymast í stuttu yfirliti sem þessu. Það hefur verið mjög upp og ofan síðari árin. Magnús Geir reif það upp hér um árið, eins og allir vita, en sú dýrð stóð stutt; sýndi þó hvað er hægt að gera við þær fátæklegu aðstæður sem þar eru.

Nú er Ragnheiður Skúladóttir orðin leikhússtýra þar nyrðra, kvödd þangað og ráðin án auglýsingar til að bjarga norðlenskri leiklist. Ragnheiður er framfara- og framúrstefnusinnuð kona, vill bylta leiklistinni, flytja nýja og ferska strauma hingað í fásinnið; nokkur síðari ár hafa þau Bjarni Jónsson rekið af dugnaði sérstaka leiklistarhátíð, Lókal, í þeim tilgangi hér í Reykjavík. En það er eitt að reka slíka hátíð, annað að halda úti leikhúsi fyrir allan almenning. Ef dæma á eftir því verkefnavali og listrænu áherslum sem einkennt hafa LA frá því Ragnheiður tók þar við, virðist hún ekki hafa mikla sinnu fyrir því að sýna eitthvað sem höfðað gæti til stærri hópa fólks. Ef svo heldur fram sem horfir er ég hræddur um að starf hennar þarna eigi litla framtíð fyrir sér; það er gott að fólk sé ídealistar, en það má ekki missa allt jarðsamband.

Nú eftir áramótin er þó von á Gullna hliði Davíðs, sem eitt sinn fyllti leikhúsin árum saman. Þegar það var sýnt á Akureyri árið 1969 vakti sú sýning umtal og harðar blaðadeilur, svo sem fræðast má um í merkisriti Haralds Sigurðssonar Saga leiklistar á Akureyri 1860–1992. Leiknum var breytt óhæfilega, sögðu menn, og Skrattanum jafnvel hampað á kostnað hinnar himnesku dýrðar sem þótti skorin niður á mjög svo óvíðeigandi hátt. Það er spennandi að sjá hvað verður nú, en líklega eru Akureyringar ekki jafn viðkvæmir fyrir heiðri þjóðskáldsins og þeir voru þá – auk þess sem dagar hinna stóru leikhússkandala eru víst löngu liðnir.

### Óeðlilega lítil skil hjá leikhópum?

Ég nefndi hér í upphafi leikhópana; það er Leiklistarráð sem útdeilir fjármagni til þeirra og eru ekki allir ætíð sáttir við það, þó lágt fari alla jafna. Ef listinn yfir úthlutanir þessa árs er skoðaður stinga í augun alls kyns furðuleg nöfn, svo sem Málamyndahópurinn, Auðlind, VaVaWoom, Kviss búng bamm, Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan, Bláskjár, Sokkabandið og svo framvegis; frumlegheitin ætti ekki að skorta hér, ef dæma á eftir nafngiftunum. En því vek ég máls á þessu hér að mig furðar á því hversu fáir hinna seytján styrkþega hafa skilað af sér á árinu; ég sé ekki betur en þeir séu aðeins fjórir: LabLoki (Stóru börnin), Gral (Eiðurinn og eitthvað), Aldrei óstelandi (Lúkas) og Brúðuheimar (Aladín). Nú kann að vísu eitthvað að hafa farið fram hjá mér og svo verður að vona að fleiri skili sér í hús nú á útmánuðum. Í öllu falli má víst treysta því að stjórnvöld fylgist grannt með því að fjármunir séu nýttir eins og til er ætlast og geri viðeigandi ráðstafanir ef það bregst.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**AFGREIÐSLUTÍMI 2014**

**LOKAÐ** nýársdag 1. janúar

2.jan **OPIÐ** 11:00 til 18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



**➜ Pinggg … k!**

Magnús Gestsson hefur verið í samvinnu við mann sem setur upp ljóðakvöld í Leicester á Bretlandi með opinn hljóðnema. Þau kvöld nefnast Pinggg … k! og eru haldin til að hvetja samkynhneigð skáld til að koma fram og gera sig sýnileg. Rétt fyrir hlé á ljóðakvöldunum opnar Magnús sýningu sína í Gallery Guest. Þannig er dregið að fólk sem aðhyllist þessa tvo menningarheima, ljóð og myndlist. Stundum hefur orðið frekari samvinna milli skálda og myndlistarmanna í framhaldinu.

**MEÐ GALLERÍ GEST/ GALLERY GUEST** Þetta er alger töfrataska sem hann Magnús er með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Opnar Gallerí Gest jafnvel í jógatíma

Magnús Gestsson safnafræðingur er með farandgalleríið sitt, Gallerí Gest, í silfurlitri tösku sem fylgir honum hvert sem er. Hann miðlar myndlistinni víða og á síðustu tveimur árum hafa um þrjátíu listamenn sýnt hjá honum.

„Heimspeki gallerísins er sú að sýna reglulega list eftir breska og íslenska listamenn og síðan galleríið var opnað fyrir tveimur árum hafa um 30 sýningar verið í því. Flestar úti á Bretlandi. Þetta er hobbí hjá mér, meðfram fyrirlestrum, kennslu og umfjöllun um myndlist,“ segir Magnús Gestsson, doktor í safnafræði, um farandgallerí sitt, Gallerí Gest, sem rúmast í silfurlitri tösku. Alltaf er ný sýning opnuð á fjögurra vikna fresti og þá eru listamennirnir viðstaddir. „Nokkrar sýningar hafa verið opnaðar á veitingastaðnum Babalú á Skólavörðustíg,“ segir Magnús sem auglýsir aldrei heldur hefur viðburðinn óvæntan fyrir þá sem eru viðstaddir hverju sinni. Hann segir nóg framboð af listamönnum sem vilja sýna. „Þeir listamenn sem eru vanir að vinna í stór form verða að gjöra svo vel að skala sig niður, hugsa upp á nýtt og gera eitthvað sem rúmast í þessari tösku,“ lýsir hann.

Magnús kveðst hafa verið í doktorsnámi í safnafræði í Leicester í fleiri ár og langað að gera eitthvað skemmtilegt þegar hann væri búinn. „Silfurlita taskan var á heimilinu að flækjast fyrir fótum manna og dýra en haustið 2011 fékk ég hugmyndina um að breyta henni í farandgallerí,“ upplýsir hann. „Það var í kringum afmæli föður míns og ég ákvað að nefna það Gest í höfuðið á honum. Mér fannst nafnið þýðast svo glæsilega yfir á ensku, Gallery Guest.“

Magnús býr í Leicester en hefur verið við kennslu í listfræði í Háskóla Íslands í haust.



**GALLERÍSTJÓRINN** „Þeir listamenn sem eru vanir að vinna í stór form verða að gjöra svo vel að skala sig niður,“ segir Magnús sem hér sýnir verk G.ERLU. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir Gallerí Gesti hafa verið vel tekið bæði ytra og hér á landi. „Fólki finnst þetta sniðugt. Ég opna galleríið hvenær sem er og hvar sem er, í búðum, á veitingastöðum, í partíum, á fundum og alls staðar. Ég hef meira að segja tekið það með mér í jóga. Þetta er eiginlega gjörningur í hvert sinn,“ segir hann glaðlega. „Listin á það skilið að vera sem víðast og sjást sem oftast.“

gun@frettabladid.is

**„Fólki finnst þetta sniðugt. Ég opna galleríið hvenær sem er og hvar sem er, í búðum, á veitingastöðum, í partíum, á fundum og alls staðar.**

*Magnús Gestsson safnafræðingur*




LEIKTÆKNISKÓLI

Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann

**Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist**

Michael Chekhov tækni • Þjálfun líkama og raddar
Textagreining • Hugleiðsla og slökun

**Nýtt grunnnámskeið hefst 6. janúar 2014**
**Kennsla fer fram á mánudagskvöldum frá kl. 19.30 til 23.00**

**Framhaldsnámskeið hefst 7. janúar 2014**
**Kennsla fer fram á þriðjudagskvöldum frá kl. 19.30 til 23.00**

**Bjóðum einnig upp á einkatíma fyrir einstaklinga og hópa.**

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar.
Skráning og fyrirspurnir á **leiktaekniskolinn@gmail.com.** Aldurstakmark 18 ára.



**Jólahappdrætti Sjálfsbjargar**

**Dregið var 24. desember 2013**

Vinningar og vinningsnúmer

**1. Chevrolet Cruze LT, sjálfskiptur, frá Bílabúð Benna að verðmæti kr. 3.390.000,-**

13528

**2. - 21. iPad 4, Wi-Fi+4G, 16GB frá Epli.is, hver að verðmæti kr. 124.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3152 | 3778 | 4870 | 6003 | 7656 |
| 9050 | 10550 | 10836 | 11811 | 11853 |
| 13365 | 14895 | 16591 | 16932 | 17287 |
| 18654 | 20314 | 20823 | 25311 | 26877 |

**22. - 79. Gjafakort, hvert að verðmæti kr. 100.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 277 | 444 | 525 | 1037 | 1384 |
| 1730 | 2430 | 2744 | 2791 | 4107 |
| 4371 | 4401 | 4419 | 5082 | 5265 |
| 5473 | 5501 | 6421 | 6919 | 7921 |
| 9443 | 9809 | 10024 | 10796 | 12128 |
| 12455 | 12959 | 13448 | 15509 | 15698 |
| 15905 | 16934 | 17116 | 17191 | 17801 |
| 18449 | 18841 | 18978 | 18979 | 20058 |
| 20316 | 20410 | 20676 | 20985 | 21263 |
| 21416 | 23367 | 23431 | 23863 | 24500 |
| 24827 | 25106 | 25371 | 26234 | 26341 |
| 26342 | 26359 | 26409 | | |

Birt án ábyrgðar

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, sími 550 0360.
Byrjað verður að greiða út vinninga þann 14. janúar 2014
Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu samtakanna, www.sjalfsbjorg.is og á textavarpi RÚV.

**Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar veittan stuðninginn**




**HÁTÍÐLEGT** Eggert, Einar, Eiríkur, Ásgeir og Hörður sjá um tónaflóðið í Hallgrímskirkju í dag.

# Með lúðraþyt, orgeli og trumbuslætti

Síðustu tónleikar ársins 2013, Hátíðarhljómar við áramót, eru í Hallgrímskirkju klukkan 17 í dag.

Listvinafélag Hallgrímskirkju býður í dag í tuttugasta og fyrsta skipti upp á tónleika undir yfirskriftinni Hátíðarhljómar við áramót. Þeir hefjast klukkan 17. Flytjendur eru trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, slagverksleikarinn Eggert Pálsson og Hörður Áskelsson, organisti og tónlistarstjóri Hallgrímskirkju.

Flest verkin á þessum síðustu tónleikum ársins eiga uppruna sinn á barokktímabilinu. Meðal þeirra eru forleikur að Te Deum eftir Charpentier og Canticorum jubilo úr óratoríunni Samson eftir Handel, auk þriggja þátta úr kantötum eftir Johann Sebastian Bach, meðal annars úr Jólaóratoríunni. Þá leikur Hörður Áskelsson hina þekktu Tokkötu í d-moll eftir Bach og ekki má gleyma hinu fræga Adagio eftir Albinoni sem Ítalinn Giazotto umritaði.

Lúðraþytur og trumbusláttur hafa um aldir tengst hátíðum. Fyrirmyndir þess má finna í elstu sálmabók kirkjunnar, Saltaranum, þar sem Drottinn er lofaður með bumbum og málmgjöllum.

-gun




## SPENNANDI ÁR FRAMUNDAN

Reykjavík var útnefnd ein af Bókmenntaborgum UNESCO í ágúst 2011. Titillinn er varanlegur og í honum felst mikil viðurkenning á stöðu orðlistar í Reykjavík.

Framundan er spennandi bókmenntaár í borginni með fjölmörgum viðburðum, smáum sem stórum, og þér er boðið að taka þátt.

Um leið og við þökkum þeim fjölmörgu sem tóku þátt í Lestrarhátíð og Bókamessu, notuðu síma-appið og skáldabekkina, sigldu með skáldum, lásu Ljóð í leiðinni eða komu á aðra viðburði í Bókmenntaborginni óskum við landsmönnum öllum farsældar á nýju ári.

*orðið er frjálst*

Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO

bokmenntaborgin.is

# Brúðkaup og besta form lífsins

Á miðnætti gengur nýja árið í garð með tilheyrandi loforðum um bót og betrun á árinu 2014. Fréttablaðið spurði nokkra þjóðþekkta einstaklinga um áramótaheitin sem þeir strengja og kennir þar ýmissa grasa. Flestir strengja þess heit, eins og svo margir aðrir, að koma sér í betra form en aðrir ætla að gifta sig, tileinka sér stundvísi og eyða fleiri gæðastundum með fjölskyldunni.



**Sigrún Lilja** í Gyðju Collection

## Mæta á réttum tíma

Ég er mjög hlynnt áramótaheitum og finnst áramótin frábær tími til að hefja nýtt upphaf og taka inn nýjar venjur. Mitt helsta áramótaheit í ár er að mæta á réttum tíma. Óstundvísi er minn helsti ósiður og stundum held ég að ég lifi í öðru tímabelti en aðrir. En mér þykir það samt alltaf jafn leiðinlegt að mæta seint og í raun svolítið úr karakter því að öðru leyti er ég þessi akkúrat týpa. Það hlýtur líka að hjálpa mér með áramótaheitið að vera umvafin úrum þar sem Gyðjuúrið er nýkomið á markað.



**Guðmundur Steingrímsson** alþingismaður

## Hlaupa maraþon

Ég strengi eiginlega aldrei áramótaheit. Þau virka ekki alveg nógu vel á mig. Þau enda of oft í vonbrigðum. Mér finnst betra að setja mér hljóðlátlega markmið sem ég keppi að hægt og bítandi. Og þau eru þessi: Minnka (þarf ekki að bæta) mataræðið, hlaupa maraþon, vera duglegur á þingi, duglegur í Mjölni, eiga góðan tíma með fjölskyldunni, vera glaður, lesa bækur, skrifa bækur, semja lög (á þingi), semja lög (í tónlist) og smíða það sem þarf að smíða, sem er þó nokkuð á næsta ári. Ég er byrjaður á vegg og skóskáp.



**Diljá Ámundadóttir** varaborgarfulltrúi

## Nafnabreyting – djók!

Áramótaheitið mitt er Ásta Sif – en svo í kringum þrettándann mun ég heita aftur Diljá. DJÓK! Í lok árs 2014 myndi ég vilja líta um öxl og sjá sjálfa mig hafa dvalið í einhvern tíma úti á landsbyggðinni og til dæmis vinna einhverja vinnu þar eða þaðan. Ég vil líka hafa iðkað hugleiðslu og finna fyrir tilheyrandi árangri. Svo vil ég líka vera byrjuð í námi; annaðhvort í MBA í HR eða í heimildarmyndagerð í New York.



**Oddný G. Harðardóttir** alþingiskona

## Löng hjólaferð

Ég ætla að koma mér í gott form og byrja á því að vakna klukkan 6 alla virka morgna og taka sundsprett í sundlauginni í Garðinum. Ég þarf að vera tilbúin í krefjandi úthald á árinu við að vinna hugsjónum jafnaðarmanna aukið fylgi og einnig vegna langrar hjólaferðar sem gamli vinahópurinn hefur skipulagt fyrir sumarið 2014.



**Rakel McMahon** listakona

## Mastera síldina

Ég hef sett mér tvö áramótaheit 1. Að taka jógaiðkun mína föstum tökum. 2. Að mastera síldina fyrir næstu jól. Síldin er nýtt áhugamál hjá mér og mun ég styðjast við uppskrift frá sænskri ömmu minni heitinni. En síldin var ómissandi á hennar heimili yfir hátíðirnar.



**Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra

## Göngutúr með hundi og manni

Mín áramótaheit hafa verið svipuð í nokkur ár og ætla ég að halda mig við svipuð markmið: Eiga sem bestar gæðastundir með mínum nánustu; svara því oftar játandi þegar maðurinn biður mig að koma í göngutúr með hundinn. Í starfi ætla ég að leggja mig fram og minna mig reglulega á þau forréttindi að fá að vinna fyrir fólkið í landinu.



**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** leikkona og skáld

## Gengur í hnapphelduna

Ég strengi sjaldnast áramótaheit, en ég set mér hins vegar ýmis markmið fyrir nýja árið. 2014 hef ég það verðuga markmið að ganga í hnapphelduna, en ég og unnusti minn áttum eins árs trúlofunarafmæli um jólin og erum að safna fyrir ærlegri veislu. Þá ætla ég mér að leikstýra eigin leikverki í fyrsta sinn, sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói 14. febrúar. Ég vil líka leggja lokahönd á bók sem ég er byrjuð að skrifa og hlakka mikið til að gefa mér tíma í að klára. Ég hef verið að æfa líkamsrækt undir (harð)stjórn Sögu Garðarsdóttur leikkonu og markmiðið á nýja árinu er að komast í nógu gott form til að þurfa aldrei að gubba á æfingum. Að lokum er ég með það markmið að kenna syni mínum, sem verður fimm ára á komandi ári, stafrófið. Hann kann stafinn sinn nú þegar, svo það eru bara 31 eftir.



**Valur Gunnarsson** rithöfundur

## Reykja sem mest

1. Ég ætla að reykja sem mest í ár (ég er meira að segja að reykja meðan þetta er skrifað). Vissulega er það freistandi á tímum batnandi heilsu og hækkandi álagninga að segja skilið við sígaretturnar og verða þar með gjaldgengur í siðað samfélag, en þá er hætta á að ég nái ekki að:
2. Skrifa næstu bók. Áframhaldandi ævintýri ónefnda elskhugans munu birtast strax í haust, en til þess að svo megi verða þarf mikið tóbak og enn meira koffín. Ég er nú á leiðinni til Berlínar í leit að innblæstri. Vonandi finnst hamingjusamur endir í þetta skiptið.
3. Verða 38 ára. Með öllum þessum reykingum er hætta á að það takist ekki. Eða þá að innblásturinn láti á sér standa og ég neyðist til að kasta mér út í Spree og láta hana bera mig út í Eystrasaltið í vota gröf. En vonandi hefst þetta nú samt.



**Katrín Jakobsdóttir alþingiskona**

## Lesa fræðandi bækur

Áramótaheitið til skamms tíma er að lesa allar þær ólesnu en fræðandi og uppbyggilegu bækur sem minn ástkæri maður gaf mér á árinu! Og svo að gera sitt besta til að gera heiminn að örlítið bærilegri stað – en það segi ég reyndar á hverju ári og reyni að standa við.



**Jón Þór Ólafsson** alþingismaður

## Ókeypis þýðing

Ég heiti því að þýða bókina mína, „The Game of Politics – Game Manual", og gera þýðinguna aðgengilega ókeypis á internetinu á komandi ári.



**Ásdís Rán Gunnarsdóttir** athafnakona

## Besta form lífsins

Ég var búin að lofa sjálfri mér að þegar ég verð 35 ætla ég að vera í besta formi lífs míns þannig að það er kominn tími á að vinna í því þar sem ég verð 35 í ágúst. Einnig að standa mig betur á flestum sviðum, klára bókina mína og koma út nýju IceQueen collection.



**Gunnar Hilmarsson** fatahönnuður

## Skrokkur í toppstandi

Þessi áramótin ætla ég að heita sjálfum mér því að koma mér í mitt besta form á árinu sem er handan við hornið. Fyrir tveimur árum sleit ég hásin tvisvar og var hálfónýtur í heilt ár. Til að geta tekist á við hraðann og kröfurnar í faginu sem ég er í, þá verður skrokkur og hugur að vera í toppstandi. Ég er líka búinn að lofa mér því að hætta að vinna á kvöldin á árinu 2014. Það myndi heldur ekkert drepa mig að taka mér einn og einn frídag á nýju ári. Um síðustu áramót hét ég mér því að sinna tónlistinni betur og ávöxtur þess áramótaheits mun sjást í ársbyrjun 2014. Spennandi ár fram undan á öllum vígstöðvum!



**Jónas Sigurðsson** tónlistarmaður

## Komast nær kjarnanum

Ég reyni gjarnan að sjá fyrir mér eitthvað sem ég vil leggja áherslu á á nýju ári. Fyrir 2014 langar mig að vinna í því að komast nær kjarna málsins. Ég hef átt tímabil þar sem ég finn fyrir þessum kjarna og svo koma tímabil þegar mikið er að gera og maður missir sambandið við þennan kjarna alls. Á komandi ári ætla ég því að leggja áherslu á að finna fyrir þessum kjarna allra mála. Ég reikna með að þurfa að stunda talsvert af hugleiðingu, gönguferðum og auðvitað innihaldsríkum samskiptum á þessari leið. Hlakka strax til!



**Ragnheiður Elín Árnadóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra

## Ég skal!

Ég óttast að áramótaheitið mitt falli dálítið í klisjuflokkinn en mig langar einfaldlega að strengja þess heit að standa mig eins vel og ég get í öllu sem ég tek mér fyrir hendur, hvort sem það er í leik eða starfi. Ég nýt ótrúlegra forréttinda, er í frábæru starfi sem gefur mér tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið og færa hluti til betri vegar. Þar eru endalaus verkefni í öllum atvinnugreinum sem ég hlakka til að takast á við á nýju ári. Hvað einkalífið snertir, þá er markmiðið enn klisjukenndara. Að koma mér í betra form á þessu ári. Í annríki dagsins vill líkamsræktin verða sá dagskrárliður sem lendir undir niðurskurðarhnífnum – nú þarf breytta forgangsröðun! Ég skal!

# VIÐ EIGUM SAMAN GLEÐILEGT ÁR



Við óskum landsmönnum ánægju og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Höfum auga með yngstu kynslóðinni og gætum að því að allir noti hlífðargleraugu þegar flugeldunum verður skotið á loft.

Megi árið 2014 verða okkur öllum til heilla.

Áramótakveðjur,
starfsfólk Varðar

ÍSLENSKA / SIA.IS/ VOR 67185 12/13

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR**

vörður


1


2


3


4

MYNDIR/DRÖFN VILHJÁLMSDÓTTIR

# SNICKERS-KAKAN ÓTVÍRÆÐUR SIGURVEGARI



Dröfn Vilhjálmsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og geislafræðingur heldur úti blogginu Eldhússögur, eldhussogur.com. Hún hefur tekið saman lista yfir vinsælustu eftirrétti ársins 2013. Á toppinum trónir Snickers-kakan sem hefur vakið mikla lukku meðal landsmanna. Í öðru sæti er karamellumarengsterta og í því þriðja klassísk, frönsk súkkulaðikaka. Í fjórða sæti er svo súkkulaðikaka með Pipp-karamellukremi. Fréttablaðið birtir hér fjóra vinsælustu réttina og vonar Dröfn að uppskriftirnar geti veitt landsmönnum innblástur fyrir eftirréttina á gamlárskvöld.

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@365.is

## 1. Snickers-kaka

- 4 egg
- 4,5 dl sykur
- 2 tsk. vanillusykur
- 8 msk. kakó
- 3 dl hveiti
- 200 g smjör, brætt
- 100 g Pipp-súkkulaði með karamellu (má sleppa)

**Krem**

- 2 dl salthnetur
- 200 g rjómasúkkulaði

Ofninn hitaður í 175°C, undir- og yfirhita, og ca. 26 cm smelluform smurt að innan. Smjörið brætt og látið kólna dálítið. Egg og sykur þeytt saman. Því næst er vanillusykur, kakó, brætt smjör og hveiti hrært út í. Deiginu er hellt í bökunarformið og Pipp-molunum þrýst ofan í deigið hér og þar. Því næst er kakan bökuð í miðjum ofni við 175°C (undir- og yfirhita) í 30 til 40 mínútur, kakan á að vera blaut í miðjunni.

(Í mínum ofni dugði 30 mínútna bökunartími en hjá sumum hefur kakan verið of blaut eftir 30 mínútur–það þarf að finna út rétta tímann fyrir hvern ofn og fylgjast vel með kökunni. Athugið að hitinn er gefinn upp fyrir undir- og yfirhita, sami hiti á blæstri er í raun hærri hiti.)

Á meðan er rjómasúkkulaðið brætt yfir vatnsbaði og hnetunum bætt út í þegar súkkulaðið hefur bráðnað. Þegar kakan er komin úr ofninum og hefur kólnað dálítið er kreminu hellt yfir kökuna og hún kæld í minnst tvo tíma áður en hún er borin fram með þeyttum rjóma.

## 2. Karamellumarengsterta

**Marengs**

- 2-3 bollar Rice Krispies (eða Corn Flakes)
- 2 dl sykur
- 1 dl púðursykur
- 4 eggjahvítur

Ofn hitaður í 120°C við blástur (ef baka á báða botnana samtímis) eða 130°C við undir- og yfirhita. Eggjahvítur, púðursykur og sykur er þeytt þar til marengsinn er orðinn stífur. Þá er Rice Krispies bætt varlega út í marengsinn með sleikju. Diskur eða kökuform sem er ca. 23 cm í þvermál er lagt á bökunarpappír og strikaður hringur eftir disknum. Þetta er gert tvisvar. Marengsinum er skipt í tvennt og hvor helmingur settur á sinn hring. Því næst er slétt jafnt úr marengsinum innan hringsins með sleikju eða spaða. Þá er marengsinn bakaður í 120°C (blástur) í heitum ofni í ca. 50-60 mínútur. Best er að láta marengsinn kólna í ofninum.

**Rjómafylling**

- 5 dl rjómi
- 200 g Nóa-kropp með karamellubragði (eða þetta hefðbundna)

1 askja fersk jarðarber skorin í bita og/eða bláber (má sleppa en ég mæli með því að hafa ber!)

Rjóminn er þeyttur og Nóakroppinu ásamt berjunum er bætt út í rjómann. Blandan er svo sett á milli marengsbotnanna.

**Rolokrem**

- ca. 2½ rúlla af Rolo (ég keypti 3 rúllur í pakka og skreytti tertuna með hálfu rúllunni sem eftir var)
- 50 g suðusúkkulaði
- örlítill rjómi til að þynna kremið

Suðusúkkulaðið brotið niður í skál og Roloinu bætt út í. Brætt yfir vatnsbaði, ef þess þarf þá er hægt að þynna blönduna með dálítlu af rjóma. Kreminu er svo hellt yfir tertuna. Það er fallegt að skreyta hana með jarðarberjum eða hindberjum, nokkrum niðurskornum Rolobitum og rifnu suðusúkkulaði. Tertan er geymd í ísskáp og er langbest daginn eftir þegar hún hefur fengið að brjóta sig.

## 3. Frönsk súkkulaðiterta

**Botn**

- 2 dl sykur
- 200 g smjör
- 200 g suðusúkkulaði
- 1 dl hveiti
- 4 stk. egg

Þeytið eggin og sykurinn vel saman. Bræðið smjörið og súkkulaðið saman við vægan hita í potti. Blandið hveitinu saman við eggin og sykurinn. Bætið bráðnu súkkulaðinu og smjörinu að lokum varlega út í deigið. Bakið í vel smurðu tertuformi (ath. ekki lausbotna) við 170°C í 30 mínútur.

**Súkkulaðikrem**

- 150 g suðusúkkulaði
- 70 g smjör
- 2-3 msk. síróp

Látið allt saman í pott og bræðið saman við vægan hita. Kælið bráðina svolítið og berið hana síðan á kökuna þegar hún hefur kólnað.

Kakan á að vera blaut í miðjunni. Gott er að bera kökuna fram með rjóma eða ís og berjum, til dæmis jarðarberjum, hindberjum eða bláberjum.

## 4. Súkkulaðikaka með Pipp-karamellukremi

- 250 g suðusúkkulaði
- 180 g smjör
- 2 tsk. Neskaffi, kaffiduft mulið, t.d. í mortéli (má sleppa)
- 2 dl sykur
- 4 egg
- 2 tsk. vanillusykur
- ½ tsk. lyftiduft
- ½ dl hveiti (má nota maísenamjöl fyrir glútenfría köku)

**Krem**

- 25 g smjör
- ½ dl rjómi
- 200 g Pipp með karamellukremi (selt í 100 g plötum) eða með piparmyntu

Ofninn hitaður í 175°C. Smelluform (24 cm) smurt að innan. Súkkulaði brotið niður í pott ásamt smjöri, brætt við vægan hita og hrært í á meðan. Potturinn tekinn af hellunni og blandan látin kólna dálítið. Neskaffi mulið mjög smátt (ég gerði það í mortéli) og því bætt út í ásamt sykri og eggjum, hrært vel með písk þar til blandan er slétt. Hveiti, vanillusykri og lyftidufti blandað saman og sigtað ofan í pottinn. Hrært þar til blandan er slétt. Deiginu er hellt í smurt bökunarform og bakað í ca. 45-50 mínútur neðarlega í ofninum. Fylgist vel með kökunni, hún má vera blaut í miðjunni.

**Krem**

Hráefnið í kremið sett saman í pott og brætt við vægan hita, hrært þar til Pipp-súkkulaðið er bráðnað og kremið er slétt og glansandi. Potturinn tekinn af hellunni.

Þegar kakan hefur kólnað og kremið þykknað dálítið er því smurt yfir kökuna. Kakan skreytt með t.d. jarðarberjum og borin fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.


VINSÆLASTA
TYGGJÓIÐ ÁRIÐ 2013*
* Heimild: AC Nielsen Capacent - sölutölur
WRIGLEY'S
Extra

GLEÐILEGT NÝTT ÁR! SAMBÍÓIN
TÍMARNIR GILDA 1. JAN
SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 8 - 10:30 - 11:30 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET VIP | KL. 4:30 - 8 - 11:30 | |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:30 - 8 - 11:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 2 - 6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG VIP 2D | KL. 1 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 2 - 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 2 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:30 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:30 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 7 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 3:40 - 7 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 2:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 - 10:30 | 10 |
| RISAEÐLURNAR ÍSLTAL2D | KL. 2:30 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 2:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 4:40 - 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 10:15 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 2 - 5:40 - 6:50 - 9:10 - 10:20 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:50 - 8:20 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 2 - 4:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:20 - 8 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 11:30 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 2 | L |

SMÁRABÍÓ GLEÐILEGT NÝTT BÍÓÁR HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D 48R | KL 1 (TILBOÐ) 4.30 - 6 - 8 - 9.30 - 11.20 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL 1 - 4.30 - 8 - 11.20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL 5.20 - 8 - 10.35 | 10 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3 | 7 |
| FROSINN 2D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL 8 - 11 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL 2.30 (TILBOÐ) 4.30 - 6 - 8 - 9.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 4 (TILBOÐ) 6 - 8 - 10 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 2.30 (TILBOÐ) 4 - 6 | 7 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 10 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
GLEÐILEGT NÝTT ÁR




LOKAÐ 31. DESEMBER - SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 1 OG 2. JANÚAR

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HOBBIT 2 3D (48R) | 2, 4, 6, 7:30, 10, 11 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | 8, 10:30 | 10 |
| RISAEÐLUNAR 3D | 1:45 | 7 |
| FROSINN 2D | 1:45, 3:45, 6 | L |


# Rútínan í endurminningunni

BAKÞANKAR
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Jæja, nú árið er liðið í aldanna skaut. Þessi tímamót fundust mér hrikalega sorgleg í æsku. Sérstaklega man ég eftir því hvað mér fannst erfitt að kveðja árið 1994. Með ekkasogum spurði ég mömmu hvort það væri ekki nokkur leið að sporna við þessu? Níutíuogfjögur hafði verið svo gott. Ég byrjaði í skóla og svona.

**SMÁM** saman lærði ég að hvert ár hefur sinn sjarma og það er ekki endilega fýsilegur kostur að vera sex ára að eilífu. Nú er ég til dæmis orðin 25 ára og hefði ekki viljað sleppa einu einasta ári til þessa. Tuttuguogfimm er ágætt, þó mér finnist ég reyndar alls ekki orðin svo gömul. Næst verð ég tuttuguogsex, hvernig ætli það verði?

**EFTIR** ár mun ég hafa upplifað eitthvað sem ég get ómögulega ímyndað mér í dag. Eflaust mun ég verða fyrir áföllum á árinu en ég skal líka sigra. Ég mun taka margar ákvarðanir sem trúlega verður misauðvelt að lifa með. Einhver atvik komandi árs verða vonandi ógleymanleg en inn á milli verða keimlíkir dagar. Margir keimlíkir dagar.

**EFTIR** því sem árin líða verður erfiðara að gera hvern dag eftirminnilegan. Rútínan er nefnilega eins og svarthol sem togar í mann. Þó hún sé ágæt er mikilvægt að festast ekki í vananum, svo lífið renni ekki saman og hverfi í endurminningunni. Að mínu mati er nauðsynlegt að brjóta upp rútínuna. Svo smám saman breytist hún sjálf.

**RÚTÍNAN** er nefnilega ákveðin umgjörð hvers tímabils. Þegar ég hugsa til ársins 1994 rifja ég vissulega upp ýmis atvik en ekki síður tiltekna rútínu. Hversdagslegar venjur ársins 1994 voru allt aðrar en ársins 2013. Og mér hlýnar að innan, því nostalgían býr nefnilega í þessum horfnu rútínum, en ekki óvæntu og ógleymanlegu uppákomunum. Þær eru hins vegar vörðurnar á leiðinni.

**ÉG** er hætt að syrgja tímann sem líður og fagna frekar tímanum sem kemur. Ég er samt ekki hætt að snökta dálítið á áramótunum. Ekkasogin hafa þó vikið fyrir laumulegu tári á hvarmi. Takk fyrir mig, 2013!



**FYLGDIST MEÐ BÓKABÚÐ** Í bænum Tasiilaq er töluð danska.

# Erfitt að átta sig á kyni verslunareiganda

Halla Ólafsdóttir gerði heimildarmynd sem lokaverkefni í sjónrænni mannfræði. Myndin heitir Bækur með remúlaði og fylgdist Halla með verslun á Austur-Grænlandi.

Halla Ólafsdóttir var að ljúka meistaranámi í sjónrænni mannfræði sem hún lagði stund á við Freie Universität í Berlín. Lokaverkefni hennar var heimildarmynd um litla verslun á Austur-Grænlandi. Heimildarmyndin heitir Bækur með remúlaði og er afrakstur mannfræðilegrar rannsóknar Höllu á samfélaginu í Austur-Grænlandi sem fólst í að búa á meðal fólksins og velja sér sjónarhorn sem segir eitthvað um samfélagið. Hún valdi sér verslun í þorpinu Tasiilaq á Austur-Grænlandi. „Þetta er bókabúð og hún var sett á laggirnar árið 1989. Síðan hefur hún þróast yfir í allt mögulegt og er núna aðallega ísbúð og internetkaffi. Konan sem rekur búðina er dönsk að uppruna og heitir Gerda og talar dönsku og fjölmörg önnur tungumál. Meðal annars eru hún einn fárra útlendinga sem hafa lært austurgrænlensku. Mér þótti gagnlegt að vinna með einhverjum sem stóð líka utan við samfélagið og hafði mikla þekkingu til að deila með mér.“

Halla segir að hún hafi komist að því að bærinn og Gerda séu samtengd. „Niðurstaðan í ritgerðinni sem ég skilaði með myndinni var að búðin og Gerda standa og falla hvort með öðru. Þessi kona er mikilvæg manneskja í samfélaginu og hún gerir ýmislegt mögulegt þar, sem væri annars ekki mögulegt. Það er til að mynda lélegt netsamband í bænum en hún pantar ýmislegt af netinu fyrir aðra. Hún hefur fengið viðurkenningu fyrir það sem hún hefur gert fyrir samfélagið á eigin forsendum þrátt fyrir að vera að mörgu leyti frábrugðin öðrum í þessum bæ. Bæði af því að hún er dönsk, og svo er erfitt að átta sig á kyni hennar. Hún er mjög karlmannleg, með stórar hendur og djúpa rödd. Þetta er aftur á móti látið liggja á milli hluta, bæði í samfélaginu og í myndinni. Þetta hefur ekki orðið að neinu issjúi, sem segir eitthvað um þetta samfélag,“ segir Halla.

„Ég vildi brjóta upp þessa staðalímynd um Grænlendinga sem er svo áberandi í fjölmiðlum. Það kemur mörgum á óvart að myndin fjalli ekki um eymd eða samfélagsleg vandamál. Það er eins og fólk hafi bara áhuga á að lesa um slys og eitthvað sem amar að í fjölmiðlum. Ég vildi næra eitthvað jákvætt.

Myndin er tekin á þrjátíu dögum en klippt saman sem einn dagur. Ég vil samt meina að mér hafi tekist að miðla einhvers konar sannleika, að minnsta kosti mínum sannleika, þótt hann sé ekki afstöðulaus. Ég valdi það sjónarhorn að áhorfendur væru eins og fluga á vegg í búðinni. Ég tek engin viðtöl, en það eru samtöl í myndinni. Mér fannst meira spennandi að sýna andrúmsloftið heldur en að taka viðtöl við fólk sem segir eitthvað um andrúmsloftið.“

ugla@frettabladid.is



**SKEMMTILEGT LOKAVERKEFNI** Halla Ólafsdóttir lærði sjónræna mannfræði í Berlín.

➜ Halla valdi Tasiilaq því hún vissi lítið um bæinn þó hann sé nálægt Íslandi. Margir með henni í námi skildu ekki af hverju hún gerði ekki eitthvað um Ísland. Höllu fannst nógu mikið hæp í kringum Ísland í heimspressunni, sérstaklega í Þýskalandi.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Jólin 2013

# Gleðilega hátíð



Starfsfólk sparisjóðanna óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og þakkar fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Um leið horfum við björtum augum til framtíðar og óskum landsmönnum öllum velfarnaðar á nýju ári.

SPARISJÓÐURINN
–fyrir þig og þína.

DYNAMO REYKJAVIK

## Gamlárshlaup ÍR í 38. sinn




**FRJÁLSAR** Árlegt gamlárshlaup ÍR fer fram í 38. sinn í dag en ræst verður á Sæbrautinni fyrir utan Hörpu á hádegi. Hlaupaleiðin er 10 km löng og verður hægt að skrá sig þar til stundarfjórðungi fyrir ræsingu.

Fjölmargir hafa þó forskráð sig á vefnum og má gera ráð fyrir góðri þátttöku í dag. Í fyrra tóku tæplega eitt þúsund hlauparar þátt en sú hefð hefur skapast að keppendur og heilu hóparnir hlaupi í búningum. Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin en einnig bestu búningana.

Þetta er í þriðja sinn sem hlaupið er ræst við Hörpuna og lýkur því á sama stað. Lokað verður fyrir umferð á nokkrum stöðum en bílstjórar eru engu að síður hvattir til að sýna aðgát og tillitssemi.







**UPP Á STJÖRNUHIMININN Á ÁRINU** Aníta Hinriksdóttir, lengst til hægri, var nánast óþekkt fyrir tólf mánuðum en varð heims-, Evrópu-, Norðurlanda- og Íslandsmeistari á árinu. Hér gefur hún ungum aðdáanda eiginhandaráritun eftir að hún var kosin vonarstjarna evrópskra frjálsíþrótta. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Öflugt íþróttaár 2013

**Íslenskt íþróttafólk bauð íslensku þjóðinni upp á litríkt, skemmtilegt og sögulegt íþróttaár og Fréttablaðið rifjar upp mörg helstu afrekin í blaðinu í dag.**

**ÍÞRÓTTIR** Knattspyrnulandsliðin okkar hafa aldrei gert betur, við eigum vonarstjörnu evrópskra frjálsíþrótta, heimsmeistara í spjótkasti fatlaðra, tvöfaldan heimsmeistara í hestaíþróttum, Evrópumeistara í kraftlyftingum og fullt af meisturum úti um alla Evrópu. Það er því hægt að mæla með því að íslenska þjóðin nýti tækifærið og skáli fyrir okkar glæsilega íþróttafólki um áramótin.

Fullt af íslensku íþróttafólki var að brjóta niður múra á árinu og ná lengra en íslenskt íþróttafólk hefur náð áður hvort sem var það að bæta eldgömul Íslandsmet, skora meira en nokkur annar í atvinnumannadeild, spila í úrslitum bestu kvennakörfudeildar Evrópu eða komast í úrslit á EM í sundi.

Hápunktar ársins voru vissulega nokkrir. Þetta var árið þegar 17 ára hlaupakona úr ÍR varð heims- og Evrópumeistari unglinga með sex daga millibili í júlí og árið þegar allt þjóðfélagið lifði og hrærðist með íslenska karlalandsliðinu í nóvember þegar það var aðeins hársbreidd frá því að setja heimsmet og tryggja sér sæti á HM í Brasilíu.

Þetta var árið þegar íslenska kvennalandsliðið komst í hóp átta bestu knattspyrnuþjóða Evrópu og árið þegar Gerpla sannaði að Ísland verður áfram stórveldi í hópfimleikum þrátt fyrir mikil kynslóðaskipti í íslenska liðinu.

Þetta var líka árið sem leiðtogarnir Ólafur Stefánsson og Katrín Jónsdóttir sögðu bless eftir að hafa komið okkar landsliðum lengra en nokkrir aðrir fyrirliðar í sögu þjóðarinnar. Það er erfitt að kveðja en við getum glatt okkur yfir því að fullt af ungu og stórefnilegu íþróttafólki bíður spennt í startblokkunum tilbúið að fylla þjóðina af stolti á næstu árum.

Fréttablaðið leit yfir árið og safnaði saman íslenskum íþróttaminningum úr öllum áttum frá árinu 2013. Það má finna þessa samantekt á næstu síðu.

ooj@frettabladid.is



UTAN VALLAR HENRY BIRGIR GUNNARSSON henry@frettabladid.is

## PRÓFUM AÐ SAMGLEÐJAST ÖÐRUM

Að velja íþróttamann ársins er vandasamt verk. Stundum er erfitt að velja aðeins tíu á lista þar sem margt afreksfólk hefur átt frábært ár. Það hefur líka stundum komið fyrir að erfitt sé að fylla í sætin tíu á vondu íþróttaári. Þeim árum fer þó blessunarlega fækkandi.

Íþróttaárið 2013 var til að mynda frábært og sjálfur lenti ég í stökustu vandræðum með að velja tíu íþróttamenn inn á minn lista. Ég þurfti að sniðganga íþróttafólk sem vel hefði sómt sér á topp tíu-listanum. Það er vitnisburður um hvað Íslendingar eiga mikið af frábæru afreksfólki í dag. Það er vel.

Undanfarin ár hefur það gerst ítrekað að fólk sleppi sér í gremju og reiði yfir kjörinu. Það er oft hreinlega neyðarlegt að fylgjast með fólki fara offari. Í stað þess að samfagna þeim frábæra íþróttamanni sem hlýtur útnefninguna er bölsótast á samfélagsmiðlum, og víðar, yfir því að þessi eða hinn var ekki valinn.

Miðað við þann fjölda af góðu afreksfólki sem við eigum er ljóst að aldrei verða allir sáttir. Ef einhver annar en Gylfi hefði fengið útnefninguna í ár er næsta víst að stór hluti fólks hefði samt reiðst og síðan farið mikinn á Facebook og víðar.

Mér dettur ekki í hug að setjast í dómarasæti og segja að minn atkvæðaseðill sé betri en einhvers af kollegum mínum. Þeir sem kusu ekki á sama hátt og ég hafa sínar ástæður fyrir því og geta rökstutt sitt val vel. Rétt eins og ég tel mig geta með minn atkvæðaseðil. Ég ber því fulla virðingu fyrir þeirra skoðun.

Að gera upp á milli frábærra íþróttamanna sem spila mismunandi íþróttir, eru í hóp- og einstaklingsíþróttum, keppa í missterkum deildum og mótum er eins og að bera saman epli og appelsínur.

Gylfi Þór Sigurðsson er íþróttamaður ársins að þessu sinni og er svo sannarlega vel að þeim heiðri kominn. Gylfi dró vagninn fyrir íslenska landsliðið á árinu. Skoraði glæsileg mörk, steig upp og kláraði mikilvæga leiki, lagði síðan upp enn fleiri mörk er íslenska landsliðið náði sínum langbesta árangri í sögunni í vinsælustu og stærstu íþróttagrein heims.

Hann er enn fremur hluti af einu besta liði ensku úrvalsdeildarinnar sem er sterkasta deild heims. Milljónir knattspyrnumanna dreymir um að komast þangað sem Gylfi er kominn en þar er aðeins pláss fyrir útvalda. Þá bestu og þar á meðal er Gylfi okkar. Það er gríðarlegt afrek.

Að keppa á toppnum, eins og Gylfi gerir, þýðir að menn lenda í mikilli samkeppni og mótlæti. Gylfi hefur mætt öllu slíku af einstöku æðruleysi og dugnaði. Farið fram með góðu fordæmi. Ekki vælt í blöðunum heldur lagt harðar að sér og látið verkin tala. Það segir sína sögu að Tottenham er að ná betri árangri með hann inni á vellinum en utan hans.

Gylfi Þór Sigurðsson er 24 ára gamall og glæsilegur fulltrúi íslensks íþróttafólks. Saga hans er mögnuð og gott dæmi um mann sem uppsker eins og hann sáir. Gylfi hefur alla tíð lagt mikið á sig aukalega til þess að ná árangri. Hann er hörkuduglegur, auðmjúkur og til fyrirmyndar að öllu leyti. Hann hefur til að mynda aldrei snert á áfengi né tóbaki.

Í stað þess að kvarta yfir því af hverju einhver annar hafi ekki unnið ættu Íslendingar að gleðjast yfir því að eiga íþróttamann og einstaka fyrirmynd eins og Gylfa.



Við eigum að samgleðjast íþróttamanninum og hampa honum enda á hann það skilið. Foreldrar eiga að segja börnum sínum frá því hvernig honum tókst að komast á toppinn og nýta sér það að Ísland eigi slíka fyrirmynd á íþróttasviðinu. Kröftunum er betur eytt í það en neikvætt tal, niðurrif og nöldur.

Til hamingju, Gylfi, og aðrir frábærir íslenskir íþróttamenn sem gerðu það gott á árinu.


„ÓTRÚLEGA ÁHRIFAMIKIL“
VARIETY
„ÓTRÚLEGA VEL GERÐ MYND, HEIÐARLEG OG RAUNSÆ.“
Júlíus Ingason, Eyjafréttir.is
ELLEFU EDDU VERÐLAUN
M.a. kvikmynd ársins, leikstjórn, kvikmyndataka og klipping.
„DJÚPIÐ ER EINFALDLEGA MÖGNUÐ UPPLIFUN“
Þórarinn Þórarinsson, Fréttatíminn
KVIKMYND EFTIR
Baltasar Kormák
djúpið
HEIMSFRUMSÝNING Í SJÓNVARPI
